



EINING-ÍÐJA

FÉLAGSBLAÐ

3. tölublað
19. árgangur
Desember 2016

Eining-Íðja

*sendir félagsmönnum sínum og
landsmönnum öllum bestu óskir
um gleðileg jól og farsælt komandi ár,
með þökk fyrir samskiptin
á árinu sem er að líða*

Göngum frá verknum



Ibúfen®

– Bólqueyðandi og verkjastillandi

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Notkunarvið: Ibúfen inniheldur íbuprofén sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Ibúfen tilheyrir flokki lyfja sem kölluð eru NSAID lyf (bólqueyðandi lyf sem ekki eru sterar). Ibúfen er notað við vægum til meðal miklum verkjum eins og höfuðverk, migreni, tannpinu, tíðaverkjum og hita. **Ekkí má taka Ibúfen:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir íbuprofeni, öðrum skyldum lyfjum eða einhverju hjálparefna. Þeir sem fengið hafa ofnæmisviðbrögð eins og astma, nefrennsli, útbrot með kláða eða ef varir, andlit, tunga eða háls hafa bólgnáð upp eftir að hafa tekið íbuprofén eða skyld lyf. Þeir sem þjást hafa af sárum eða blæðingum í maga eða smápörmum (skeifugörn) í tengslum við fyrri notkun bólqueyðandi verkjalyfja, þjást núna af sárum eða blæðingum í maga eða smápörmum (skeifugörn) eða hafa áður þjást af sliku, tvisvar eða oftar, með alvarleg lifrar-, nýrna-, eða hjartavandamál (kransæðasjúkdómur meðtaldir), þeir sem þjást af umtalsverðum vöðvaskorti (vegna uppkasta, niðurgangs eða of litillar vöðvaneyslu), eru með einhverjar blæðingar (blæðingar í heila meðtaldir), eru með sjúkdóm af óþekktum uppruna sem leiðir til óeðlilegrar myndunar blóðfrumna. **Sérstök varnaðarorð:** Þeir sem eru með rauða úlfa (SLE) eða aðra sjálfsnæmissjúkdóma, arfgengan sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðrauða, hemoglóbín (purpuraveiki), langvarandi bólgusjúkdóma í þörmum eins og bólgur í ristli með sárum (sáraristilbólgu), bólgur í meltingarvegi (Crohn's) eða aðra maga- eða þarmasjúkdóma, truflanir á blóðfrumnamyndun, vandamál tengd blóðstorknun, ofnæmi, ofnæmiskvef, astma, langvarandi bólgur í nefslímhúð, kinnbeinaholum, kokeitlum eða langvarandi teppusjúkdóma í öndunarvegi, blóðrásarkvilla í slagæðum handleggja og fóta, lifrar-, nýrna- eða hjartavandamál eða háan blóðþrýsting, nýkomnir úr meiriháttar skurðaðgerð eða ekki að nota lyfið. Ibúprofen getur valdið nýrnavandamálum hjá börnum og unglingum sem skortir vökva. **Meðganga/brjóstgjöf:** Ibúprofen má ekki taka á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Aðeins ætti að nota Ibúfen á fyrstu 6 mánuðum meðgöngu í samráði við lækni og ef það er algerlega nauðsynlegt. Ibúprofen getur gert konum erfiðara með að verða þungaðar. Þessi áhrif ganga til baka þegar hætt er að taka lyfið. Ibúprofen berst í brjóstamjólk í litlum mæli og brjóstgjöf þarf yfirleitt ekki að hætta meðan á skammtima meðferð stendur. Ef lengri tíma meðferð er áætluð, ætti að meta hvort hætta eigi brjóstgjöf. **Aukaverkanir:** Svartar, tjórukenndar hægðir eða blóðlituð uppköst (sár í meltingarvegi með blæðingum), brjóstsviði, kviðverkir, meltingartruflanir, truflanir í meltingarfærum s.s. niðurgangur, ógleði, uppköst, vindgangur og harðlífi, sármyndun í meltingarvegi með eða án rofs, þarmabólga og versnandi bólga í ristli og meltingarvegi (Crohn's) og pokamyndun í digurgirni (rof eða fistlar), smásæjar blæðingar frá þörmum sem geta leitt til blóðleysis, sára og bólgu í munni, höfuðverkur, syfja, svimi, sundl, þreyta, æsingur, svefnleysi og viðkvæmni. **Skammtastærðir:** Fullorðnir og unglingar eldri en 12 ára (≥ 40 kg): 200-400 mg sem einn skammtur eða 3-4 sinnum á dag með 4-6 klst. millibili. Hámarks dagsskammtur er 1200 mg. Börn 6-9 ára (20-29 kg): 200 mg, 1-3 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 600 mg á dag. Börn 10-12 ára (30-40 kg): 200 mg, 1-4 sinnum á dag á 4-6 klst. fresti eftir þörfum. Hámarks skammtur er 800 mg á dag. Fullorðnir skulu ekki taka Ibúfen í meira en 7 daga og unglingar ekki meira en 3 daga án samráðs við lækni. Sjá nánar í fylgiseðli. **Börn 12 ára og yngri eiga ekki að nota Ibúfen nema í samráði við lækni. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Október 2015.

Actavis



Átt þú rétt á bótum eftir slys?

**Hafðu
samband**

- það kostar ekkert
tryggingabaetur.is
s.464 5550



TRYGGINGABÆTUR

Sími 464 5550 | www.tryggingabaetur.is

**Útgefandi: Eining-Iðja**

Skipagötu 14 - 600 Akureyri
Sími 460 3600 - Bréfasími 460 3601
www.ein.is

Ábyrgðarmaður:

Björn Snæbjörnsson

Ritstjóri

Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Forsíðumynd:

Ásgrímur Örn Hallgrímsson


Prentvinnsla:

Ásprent ehf.

Frjálst er að nota efni úr blaðinu,
í heild eða hluta, þó þannig
að heimildar sé getið

Efnisyfirlit

- 6** Landnemaskólinn í heimsókn
- 6** Desemberuppbót 2016
- 6** Útborgun 30. desember 2016
- 7** Vinnustaðaheimsóknir á Dalvík og í Hrísey
- 8** Orlofsferðir Einingar-Iðju á árinu 2017
- 10** Vetrarleiga orlofshúsa
- 10** Launagreiðendur athugið!
- 11** Keðjuábyrgð verktaka hjá Akureyrarbæ
- 12** Ferð til Englands sumarið 2016
- 17** Aðildarfélag SGS krefjast jafnræðis gagnvart veiku fólki
- 18** „Ég hef oft átt erfiðara með að segja nei heldur en hitt“
- 21** Forysta SGS í heimsókn
- 21** Bærinn brennur
- 22** Fréttapunktur
- 24** „Í 99% tilvika er mjög vel tekið á móti mér“
- 24** Gistimiðar á Keahótel
- 25** Jólalegur ofnréttur og ávaxtakaka frá Silvu
- 26** Miscellaneous information
- 27** ข้อมูลต่างๆที่ควรทราบ
- 27** Gott að vita
- 28** Różne informacje
- 30** 42. þing ASÍ
- 31** PACTA lögmennt
- 31** Samningur við lðnaðarsafnið
- 32** Bruggsmiðjan Kaldi 10 ára
- 33** Eining-Iðja er á Facebook
- 34** Verkalýðssagan
- 35** Stofnanasamningur við Heilbrigðisstofnun Norðurlands
- 36** Jólakrossgátan
- 37** Kjara- og viðhorfsskönnun
- 37** Fundir með trúnaðarmönnum
- 37** Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?
- 38** Verðlaunageitraun
- 38** Ekki segja upp í veikindum



GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Við óskum landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og
gæfuríks komandi árs.



*Starfsfólk Enor
óskar félagsmönnum Einingar-Iðju
gleðilegra jóla
og farsæls nýs árs.*

JÓAKIM heildarlausn fyrir stéttarfélög

Init ehf. er hugbúnaðarfyrtæki sem sérhæfir sig í lausnum fyrir lífeyrissjóði og verklýðsfélög
Init ehf. þróar, rekur og þjónustar JÓAKIM, sem er útbreiddasta lífeyris- og félagakerfi á Íslandi

- Öflugt iðgjaldainnheimtakerfi
- Sveigjanlegt félagakerfi
- Námskeiðakerfi
- Félagagreiðslukerfi fyrir sjúkrabætur, styrki o.fl.
- Orlofshúsakerfi
- Vefkerfi fyrir launagreiðendur og rafræn móttaka skilagreina
- Félagavefur þar sem félagsmenn geta skoðað iðgjaldasögu, bótagreiðslur, sótt um orlofshús o.fl.
- Viðmót fyrir greiningarverkfæri
- Verðbréfakerfi til að halda utan um eignir sjóða
- Kerfið hentar jafnt stórum sem smáum félögum og er í notkun hjá um 30 stéttarfélögum og samböndum stéttarfélag



Init ehf. • Smáratorgi 3 • 201 Kópavogi • Sími 510 7200 • Fax 510 7220 • init@init.is • www.init.is



Velkomin í verslun PBI - Furuvöllum 1



Handdýfð kerti
í mörgum litum

Gæðarúmföt



Endurvinnsla

Notuð bómullarefni

Tökum á móti slitnum rúmfötum, handklæðum og bolum í verslun okkar. Við framleiðum tuskubagga fyrir verkstæði og fyrirtæki úr efnunum.



Útikerti

Skiltagerð

Leiðaskilti,
hurðaskilti
og fleira.



Plastiðjan Bjarg - Iðjulundur
Furuvellir 1 · 600 Akureyri
Sími: 461 4606 · www.PBI.is

Opið 8:00-16:00
virka daga

*Veljum íslenskt,
allir vinna!*

Landnemaskólinn í heimsókn

Landnemaskólinn kom í heimsókn á skrifstofu félagsins á Akureyri í lok október og fékk þar fræðslu. Björn, formaður Einingar-löju, kynnti m.a. fyrir þeim starfsemi félagsins og annarra stéttarfélaga í landinu og almenn réttindi og skyldur á vinnumarkaði.

Landnemaskólinn er námskeið á vegum SÍMEY og er ætlað fullorðnu fólki á vinnumarkaði sem ekki á íslensku að

móðurmáli. Skólinn er 120 kennslustundir (80 klst) og er hægt að meta hann til allt að 10 eininga í framhaldsskóla. Tilgangur skólans er að auðvelda fólki af erlendum uppruna að aðlagast íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Lögd hefur verið áhersla á íslenskt talmál og nytsama samfélagsfræði, sem felur í sér heimsóknir í fyrirtæki, stofnanir og fleiri staði.

Í skólanum núna eru nokkrir Sýrlendingar sem allir eru

úr hópi flóttamanna sem komu til Akureyrar í ársbyrjun. Þessi hópur hóf nám í SÍMEY í febrúar og útskrifuðust af fjórum námsbrautum í ágúst sl. Námsbrautirnar sem um ræðir eru „Skref til sjálfshjálpar“ og „Að lesa og skrifa á íslensku“ en að auki lauk hópurinn tveimur byrjendanámskeiðum í íslensku. Í september hófu þeir nám að nýju hjá SÍMEY, að þessu sinni í Landnemaskólanum, en þar eru aðal námsgreinarnar íslenska, tölvur og samfélagsfræði, með sérstaka áherslu á íslenskt samfélag.



Desemberuppbót 2016

Eining-löja minnir félagsmenn sína á, að þeir eiga rétt á að fá greidda desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Upphæðin er mismunandi eftir samningum og við hvaða tímabil er miðað til skilgreiningar á fullu starfi. Uppbótina skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við ríkið og samkvæmt kjarasamningum á almennum vinnumarkaði er **kr. 82.000**, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn hjá ríkinu eiga

að fá desemberuppbót greidda 1. desember og starfsmenn á almennum vinnumarkaði eigi síðar en 15. desember.

Upphæð desemberuppbótar samkvæmt kjarasamningi við launanevnd sveitarfélaga er **kr. 106.250**, miðað við 100% starfshlutfall. Starfsmenn sveitarfélaga eiga að fá sína desemberuppbót greidda 1. desember, skv. kjarasamningi.

Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna töflur sem sýna upphæð desemberuppbótar miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sjúkrasjóður og fræðslusjóður Einingar-löju

Útborgun 30. desember 2016

Greiðsla dagpeninga og styrkja vegna desembermánaðar fer fram 30. desember nk. og verður það síðasti greiðsludagur á þessu ári. Skila þarf gögnum til félagsins í síðasta lagi

22. desember næstkomandi til að ná þessari útborgun. Það sem kemur inn eftir þann tíma verður greitt í lok janúar 2017.

Vinnustaðaheimsóknir á Dalvík og í Hrísey

Í október fóru þrír starfsmenn félagsins sem starfa á skrifstofunni á Akureyri í fyrirtækjaheimsóknir á Dalvík og nágrenni. Þarna voru á ferðinni Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður og Ásgrímur Örn Hallgrímsson upplýsingafulltrúi.

Sömu aðilar fóru nokkrum dögum síðar í sömu erindagjördum út í Hrísey og var Ingvi Vaclav, pólskur túlkur, þá með í för. Það er nauðsynlegt að fara í slíkar heimsóknir af og til, heyra í heimamönnum og sjá hvað þeir eru að gera.

Helga Nielsdóttir, starfsmaður félagsins á Dalvík, var með í för fyrri daginn er farið var í nokkur fyrirtæki á staðnum og spjallað bæði við starfsmenn og yfirmenn. M.a. var farið í Kalda, Ektafisk, Hvalaskoðunarfyrirtækið Niels, Tréverk, veitingastaðinn Gísli Eiríkur Helgi, Sæplast og Samherja. Guðrún J. Þorbjarnardóttir, svæðisfulltrúi félagsins í Hrísey, var með í för seinni daginn, en þá var m.a. farið í fiskvinnslufyrirtækin KogG og Hvammsfisk.



SÍMEY

-þakkar fyrir frábært samstarf
á árinu og óskar öllum

Gleðilegra jóla

Hlökkum til að vera með ykkur 2017!

Anna Lóa, Emil, Helgi, Helgi Þorbjörn
Ingunn Helga, Kristín, Kristjana
Sóley, Sigrún, Svanfríður og Valgeir



Orlofsferðir Einingar-löðu á árinu 2017

Þýskaland-Luxemburg- Trier-Mósel-Rín

Ferðin er samstarfsverkefni Einingar-löðu og Afís Starfsgreinafélags.

Farið verður til Þýskalands 3. til 10. júní 2017, ef næg þátttaka fæst. Hámark 50 manns.

Flogið frá Keflavík til Frankfurt og þaðan aftur til Keflavíkur.

Farið verður til Cochem, Lúxemborgar, Bernkastel-Kues, Trier, Rüdesheim, Koblenz.

Gist verður 5 nætur í nágrenni Bernkastel-Kues www.moselpark.de og 2 nætur í Rüdesheim www.parkhotel-ruedesheim.de gist verður í tveggja manna herbergjum á hótélum.

Leiðsögumaður verður Harpa Hallgrímsdóttir, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjórar Björn Snæbjörnsson og fulltrúi frá Afli.

Verð kr. 225.000.- á mann.

Óafturkræft staðfestingargjald er kr. 40.000.- sem greiðist innan 10 daga pöntun í ferðina.

Boðið verður upp á rútuferð til Keflavíkur 2. júní og heim 10. júní og gistingu í Keflavík aðfaranótt 3. júní ef óskað er eftir því.

Dregnir verða 18 orlofspunktar frá punktæign þeirra sem fara í ferðina.

Innifalið í verði:

- ♦ Akstur: Allur akstur erlendis. Flug: Keflavík – Frankfurt - Keflavík.
- ♦ Gisting: 7 nætur í tveggja manna herbergjum á hótélum með morgunverði.
- ♦ 7 kvöldverðir erlendis.
- ♦ Sigling á Rín, vinsmökkun hjá vínbónda.

Ekki innifalið í verði:

Ferðir og gisting innanlands, og aðgangseyrir í söfn og áhugaverða staði.

Ferðalýsing:

Laugardagur 3. júní 2017

Flogið frá Keflavík kl. 07:25 til Frankfurt og landing kl. 12:50 (tveggja tíma munur). Rútan bíður útifyrir. Við ökum sem leið liggur til Bernkastel-Kues þar sem við gistum næstu fimm nætur á Hótel Moselpark. Og þar bíður okkar kvöldverður.

Sunnudagur 4. júní 2017

Farið verður til Cochem sem er skemmtilegur bær með fallegan kastala og mikið götumannlíf, veitingastaði og ekki má gleyma allskonar verslunum. Bærinn stendur á bökkum Móselárinnar með allri sinni umferð og sjarma

Mánudagur 5. júní 2017

Dagsferð til Lúxemborg, borg andstæðna. Hvergi annarsstaðar í Evrópu er að finna slíka framúrskarandi blöndu af sögulegum stöðum og nútíma arkitektúr. Gamla borgin í Luxemborg og vígi hennar hefur lengi verið hluti af UNESCO World Heritage. Luxemborg er nútíma borg með djúpar rætur.

Þriðjudagur 6. júní 2017

Frjáls dagur í Bernkastel-Kues sem er einn af vinsælustu ferðamannastöðum við Móselána og getur kallast miðstöð í mið Mósel. Bæirnir tveir eru eitt elsta svæði þýskrar vínæktar við Mósel. Vínbændur á hverju strái með sölu á framleiðslu sinni, verslanir, kaffihús, matsölustaðir, götulistamenn svo eitthvað sé nefnt.

Miðvikudagur 7. júní 2017

Dagsferð til Trier. Rómverjar reistu borgina 16 fyrir Krist. Á seinni hluta 3. aldar var Trier stærsta borg Evrópu norðan Alpa en snemma á 5. öld fóru Germanir að flæða yfir lönd Rómverja. Atli Húnakonungur náði borginni á sitt vald um miðja 5. öld. Talin vera frábær verslunarborg. Eftir dvölina í Trier förum við og heimsækjum vínbónda í Leiwen og fáum að smakka framleiðslu hans og fræðast um búskap sem okkur er frekar frامandi. Haldið heimleiðis.



Fimmtudagur 8. júní 2017

Kveðjum Bernkastel-Kues og höldum til Koblenz, þar mætast Mósél og Rín á „Þýska horninu“. Næsti gististaður er í Rüdesheim sem stendur við Rín. Þar verður gist tvær nætur á Parkhotel Rüdesheim.

Föstudagur 9. júní 2017

Byrjum á siglingu á Rín og siglum m.a. fram hjá Loreley klettinum, en sagan segir að gyðja ein hafi reynt að seiða til sín skipstjórnarmenn er þeir sigldu framhjá klettinum svo þeir sigldu gjarnan fleyjum sínum í strand. Njótum kvöldsins í Rüdesheim sem er skemmtilegur bær sem hefur upp á margt að bjóða.

Laugardagur 10. júní 2017

Hótelíð kvatt og farið á flugvöllinn í Frankfurt. Heimferð kl. 14:00 og landing í Keflavík kl. 15:35.

Kverkfjöll-Dreki-Askja- Holuhraun-Herðubreiðarlindir

Þriggja daga fjallaferð verður farin í Kverkfjöll, Dreka, Öskju, Holuhraun og Herðubreiðarlindir 14. til 16. ágúst 2017.

Farið verður á fyrsta degi upp í Kverkfjöll, um Möðrudal, og verður gist í svefnpokagistingu skálanum þar. Á öðrum degi verður farið í Dreka og Öskju, einnig verður Holuhraun skoðað. Gist verður í skála í Dreka. Þriðja daginn verður farið heim í gegnum Herðubreiðarlindir.

Hámark 40 manns.

Ferðin kostar 32.000.- krónur á mann og innifalið er allur akstur, gisting í svefnpokapláss og leiðsögn.

Grillað verður eitt kvöld og þá lagt til grillkjöt og kartöflusalat. Að öðru leyti verður fólk að nestu sig sjálf.

Óafturkræft staðfestingargjald er 10.000.- krónur

Leiðsögumaður verður Óskar Þór Halldórsson, bílstjóri Sveinn Sigurbjarnarson og fararstjóri Björn Snæbjörnsson.



Eins dags ferð fyrir aldraða

Einingar-löjufélaga verður farin **21. júní 2017**. Farið verður austur á Húsavík og síðan upp að Þeistareykjum. Þá verður farið aftur til Húsavíkur og Hvalasafnið skoðað. Hádegismatur verður snæddur á Húsavík. Eftir matinn verður Kísilvegurinn ekinn til Mývatnssveitar og áfram til Illuga-staða í Fnjóskadal þar sem drukkið verður kaffi. Síðan verður ekið heim sem leið liggur um Víkurskarð.

Ferðin kostar 6.000.- krónur á mann.

**Skráning í ferðirnar er á skrifstofu félagsins
á Akureyri sími 460-3600 kl. 8:00-16:00 frá
3. janúar 2017.**

**Athugið að síðar verður auglýst hvenær
byrjað verður að skrá í eins dags ferðina.**



*Gleðileg
jól
og happaríkt
nýtt ár*

Þökkum viðskiptin



ÁSPRENT



STÍLL



STELL

Glerárgötu 28 · 600 Akureyri · Sími 4 600 700 · www.asprent.is · www.stell.is · www.still.is

Vetrarleiga orlofshúsa

Vert er að benda félagsmönnum Einingar-löju á að þeim standa til boða fimm kostir í vetrarleigu orlofshúsa. Hér er um að ræða dvöl í orlofshúsum á Illugastöðum í Fnjóskadal, Tjarnargerði í Eyja-fjarðarsveit, Einarstöðum á Héraði og Svignaskarði í Borgarfirði. Einnig í orlofsíbúðum félagsins í Reykjavík. Vetrarleigan hófst 1. september sl. og stendur til 1. júní nk.

Hafið eftirfarandi í huga:

- Auðveldast er að panta á Félagavefnum, en auðvitað er hægt að hringja í skrifstofu félagsins og panta hús eða bústað.
- Þegar opnað er fyrir vetrarleigu á Félagavefnum er hægt að panta íbúðir og hús alveg fram að sumarleigu. Allur veturinn er undir.
- Ekki þarf að sækja sérstaklega um jól eða páska.
- Punktur eru ekki dregnir af vetrarleigu.

Verðskrá veturinn 2016-2017



Illugastaðir

Vikuleiga er kr. 24.000 og helgarleiga kr. 15.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við öll húsin.

Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

Vert er að benda á að Eining-löja á eitt sérútbúið hús fyrir fatlaða, hús nr. 26.

Tjarnargerði

Vikuleiga er kr. 28.000 og helgarleiga kr. 18.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við húsið.

Lyklar að Tjarnargerði eru afhentir á skrifstofu félagsins í Skipagötu 14 á Akureyri.



Einarstöðir

Vikuleiga er kr. 24.000 og helgarleiga kr. 15.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur.

Heitur pottur er við húsið.

Lyklar að húsinu er afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.

Áhugasamir geta hringt beint í staðarhaldarann á Einarstöðum, Guðna Hermannsson, í síma 861 8310 en hann sér um að leigja húsið að vetri til.

Svignaskarð

Vikuleiga er kr. 24.000 og helgarleiga kr. 15.000. Helgarleiga er allt að þrjár nætur. Heitur pottur er við húsið. Glæsilegt hús var tekið í notkun fyrir nokkrum árum sem er um 75 fermetrar að stærð með öllum helstu þægindum.

Lyklar að húsinu er afhentir í þjónustumiðstöð svæðisins.



Reykjavík

Eining-löja hefur til umræða átta íbúðir í Reykjavík, en sjúkrasjóður félagsins hefur tvær af þeim til ráðstöfunar.

LAUNAGREIÐENDUR ATHUGIÐ!

Breyting á innheimtuferli iðgjalda

Frá og með 1. janúar nk. mun félagið taka upp nýtt innheimtuferli í samstarfi við Motus. Gjaldldagi og eindagi iðgjalda verða óbreyttir, þ.e.a.s. gjaldldagi er 10. dagur næsta mánaðar og eindagi er 20 dögum síðar. Berist greiðsla ekki fyrir eindaga, verða innheimtir vanskilavextir frá gjalddaga. Kröfur vegna allra skilagreina verða skráðar í heimabanka, sé það mögulegt. Kröfur sem eru ekki greiddar fyrir eindaga munu strax færast

í innheimtu til Motus og mun þá bætast við innheimtukostnaður í samræmi við upphæð skuldarinnar.

Félagsgjald er dregið af launum launamanns og er því eign hans. Önnur gjöld sem atvinnurekanda ber að inna af hendi til félaganna, skv. samningum og lögum, eru gjöld til sjúkra-, fræðslu- og orlofssjóða.

Íbúðirnar leigjast í viku í senn, fyrir utan sjúkraíbúðir sem leigjast eftir þörfum. Vikuleiga er kr. 27.000.

Nettenging er í íbúðunum.

Lýklar að íbúðunum eru afhentir á skrifstofum félagsins.

Þrif innifalin

Umsjónaraðili með íbúðum félagsins í Reykjavík sér um að þrifa íbúðina eftir leigutíma. Auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri. Hægt er að leigja lín hjá umsjónaraðila, en það þarf að panta með góðum fyrirvara.

Verð fyrir lín: Sængurver kr. 720 | Koddaver kr. 270 | Lítil lök kr. 630 | Stór lök kr. 900 | Lítið handklæði kr. 360 | Stór handklæði kr. 450.

Nánari upplýsingar um vetrarleigu eru gefnar á skrifstofu Einingar-löju, Skipagötu 14 á Akureyri. Síminn er 460 3600 og netfangið ein@ein.is



Keðjuábyrgð verktaka hjá Akureyrarbæ

Þann 1. nóvember sl. var samþykkt með 11 samhljóða atkvæðum á fundi bæjarstjórnar Akureyrar, tillaga Ingibjargar Ólafar Isaksen um að í öllum samningum sem sveitarfélagið gerir um verklegar framkvæmdir verði skýrt kveðið á um keðjuábyrgð verktaka þegar kemur að því að tryggja kjarasamnings- og lögbundin réttindi allra starfsmanna sem að verki koma.



Frábært framtak

„Þetta er frábært framtak hjá Akureyrarbæ og hvetur félagið önnur sveitarfélög á svæðinu að gera slíkt hið sama. Þetta er stórt skref sem stéttarfélög hafa lagt mikla áherslu á. Margt hefur verið gert til að reyna að koma í veg fyrir félagsleg undirboð, m.a. með því að efla vinnustaðaeftirlit. Þetta mun hjálpa mikið til við að ekki verði greitt undir launatöxtum og það sem samningar segja til um,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju.

Bókunin sem samþykkt var er svohljóðandi:

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkir að í öllum samningum verklegra framkvæmda, kaupa á þjónustu og vörum á vegum

sveitarfélagsins verði sett inn ákvæði um keðjuábyrgð þeirra seljenda sem sveitarfélagið semur við. Með þessu vill Akureyrarbær tryggja að allir starfsmenn, hvort sem það eru starfsmenn verktaka, undirverktaka eða starfsmannaleiga, njóti launa, trygginga og annarra réttinda í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Aðalverktakinn yrði í verk-samningi, gerður ábyrgur fyrir að tryggja kjarasamnings- og lögbundin réttindi allra starfsmanna sem að verkinu koma.

Þetta verður gert til að koma í veg fyrir undirboð og óeðlilega samkeppnishætti á vinnu-markaði.



Strandgötu 3 · 600 Akureyri
Sími 440 2370
Fax 440 2380
www.sjova.is



www.veidikortid.is

Eitt kort
35 vötn
6.900 kr
www.veidikortid.is



Kynnið ykkur sértíðboð til félagsmanna á skrifstofu



KEA

síðan 1886

Ferð til Englands sumarið 2016

Dagana 10. til 20. ágúst sl. ferðaðist fjölmennur hópur Einingar-löjufélaga til Englands. Sigurlaug Tobíasdóttir og Páll Þorkelsson tóku að sér að rita ferðasögu og má lesa hana á næstu síðum.

Miðvikudagurinn 10. ágúst

Þennan dag lagði af stað góður hópur frá Einingu – löju til Egilsstaða og var ferðinni heitið til London þar sem ætlunin var að dvelja í Englandi næstu ellefu dagana. Á Englandi átti að skoða hinar ýmsu borgir og aðra markverða staði. Ferðin austur gekk mjög vel og var nýbreytni að fara frá Egilsstöðum og þaðan flogið til Gatwick. Þar tók á móti okkur Sigurbjörg leiðsögumaður og Sveinn bílstjóri, en nú var breyting frá því sem áður var, Svenni var kominn með

bílstjóra sem átti að aka okkur þessa dag. Við vorum með hirðskáldið hann Davíð, og hann orti:

*Svenni starfið syrgja má
sýnilega sleginn
bílstjóranum bendir á
brú og staur við veginn.*

Þegar að allir voru búnir að ná í allt sitt hafurtask var lagt af stað og okum við sem leið lá að hóteli sem var í útjarðri borgarinnar Bath. Þetta var gamalt herragarðssetur sem búið var að endurnýja og gistu menn ýmist á gamla setrinu eða í hýsi tengt því sem kallað var fjósið. Þetta var fallegt hótél í fögru umhverfi og sagt var að Elísabet drottning, fædd 1588, hafi komið þarna við en ekki gist. Þarna gengum við til náða eftir góðan dag.

Fimmtudagurinn 11. ágúst

Þennan dag var lagt af stað klukkan tíu eftir góðan morgunmat og átti einn ferðafélaginn afmæli, hún Hulda, og sungum við fyrir hana afmælissönginn við góðar undirtektir. Við höldum nú sem leið lá niður Avondalinn til borgarinnar Bath sem stendur við bakka árinna Avon. Þetta er gömul borg og er á náttúruminjaskrá Unesco. Í Bath búa um 100 þúsund manns og mikið er um gamlar byggingar. Þar ber helst að nefna rómversku böðin sem sumir fóru að skoða en aðrir fóru í borgarstrætó um gamla bæinn. Byggingarnar voru allar í sama stíl og strætín voru blómum skýdd, veðrið var yndislegt og undu menn sér þarna til um klukkan fjögur, þá var lagt af stað heim á hótél.

Um kvöldið var borðuð dýrindis þriggja rétta máltíð og skálað í hvítvíni í boði afmælisbarnsins og hennar manns, Gests.

Föstudagurinn 12. ágúst

Þennan dag var haldið til Cardiff. Var ekið um fjalllendi Wales og þar er mikið um skóga og engi. Wales er kallað „land kastalanna“ og eru þar um 400 kastalar. Við okum sem leið lá niður að strönd Cardiff, sem búið er að byggja upp frá grunni, og má þar finna stjörnsýsluna, óperuna og háskólann. Þar er fallegt bátasvæði og göngustígar meðfram sjónum sem eru skreyttir blómakerjum. Við voru í sól og blíðu þarna ásamt því að hægt var að skoða margt fallegt. Þegar búið var að ganga ströndina og skoða hana þá lá leið upp í miðbæ Cardiff. Hann var skoðaður með öllu sem því fylgir, skemmtilegu mannlífi og verslunum. Komið var heim á hótél um fimm leytíð.

Um kvöldið var borðað dýrindis lambakjöt og meðlæti og eftir það gátu menn sest út á verönd og spjallað undir stjörnuþjörtum himni og rætt um lífið og tilveruna.

Laugardagurinn 13. ágúst

Þennan dag kveðjum við Bath og okum sem leið liggur norður eftir Wales til Chester. Við okum um sveitahéruð sem oft eru kölluð „hjarta Evrópu“ þar sem mikið er um græn engi og skóga inn á milli. Gert var klukkutíma stopp



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



SAMHERJI HF



Grýtubakkahreppur



VEISLU OG VEIÐINGARJÓNUSTA

Tréverk ehf.
Dalvík



Tanni Travel
www.tannitravel.is



ALUMINIUM FOIL FOR ELECTROLYTIC CAPACITORS



Landsmennt
www.landsmennt.is



Ríkismennt
www.rikismennt.is



Sveitamennt
www.sveitamennt.is



SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR



EYJAFJARÐARSVEIT

form

ARKITEKTAR HÖNNUÐIR

KAUPANGI V/MÝRARVEG . 600 AKUREYRI . SÍMI 462-6099

SBA-NORÐURLEIÐ



AKUREYRARAPÓTEK

Kaupangi v/Mýrarveg | Kt. 690610-1320
S. 460 9999 | Fax 460 9991

samskip



Hreint
RÆSTING



Útrás
Smiðja



LAZA
FÓÐURVERKSMÍÐJA

Búfesti

HÚSNÆÐISSAMVINNUFÉLAG



Kjörís



BÓKHALDSÞJÓNUSTAN
HRINGUR

Kaffi Torg



Heitur Matur
HÍSLUNDI



BRUGGSMÍÐJAN



466 1597 • 898 3345



EFLING
STÉTTARFÉLAG



Fjallabyggð

í Cheltenham og bærinn skoðaður með sínar nýju og gömlu byggingar. Fólki settist niður, skoðaði mannlífið og fékk sér kaffibolla. Eftir það var haldið áfram um falleg héruð Wales og að bæ sem heitir Burton on the Water sem er innan þjóðgarðs Wales. Þetta var geysilega fallegur bæ og lék veðrið við okkur, sól og blíða. Í bænum mátti sjá á sem rann eftir honum miðjum, fjölskyldur að leik og fullt af veitingahúsum. Þar mátti finna vísi af safni með alls konar farartækjum sem gaman var að skoða.

Eftir dágott stopp var ekið af stað norður eftir og upplýsti Sigurbjörg farastjóri okkur um þær borgir og bæi sem við ókum fram hjá, það var mjög fróðlegt. Eftir frásögn Sigurbjargar orti Davíð:

*„Fin er Sibba að fræða og tala
um fjölda mála á alla skala
en hér er takki“ sagði Svenni
„svo þú getið slökkt á henni“*



Við komum til Chester um klukkan fimm á hóteli sem heitir Mercure. Þetta var stórt og mikið hóteli með alls konar þægindum svo sem sundlaug, líkamsrækt og snyrtistofum. Við borðuðum öll saman um kvöldið og áttum ánægjulega kvöldstund.

Sunnudagur 14. ágúst

Þennan dag lá leið okkar niður í miðborg Chester, sem er borg við bakka árinna Dee. Þar gengum við upp á borgarmúrinn sem er um þriggja kílómetra langur. Þessi borg hefur þá sérstöðu að helstu miðalda byggingarnar eru frá tímum Rómverja, allt að 2000 ára gamlar. Þær eru mjög vel varðveittar. Við gengum múrinn og virtum fyrir okkur þessar flottu byggingar. Eftir gönguna var farið í siglingu á ánni Dee og byggingarnar skoðaðar frá því sjónarhorni. Þessi borg lenti ekki í stríðinu og hafa byggingarnar því haldið sér frá upphafi og liggja fjórar aðalgötur bæjarins eins og á tímum Rómverja. Þessum degi eyddum við með því að vera í þessari borg og virða fyrir okkur sögulegar minjar. Við fórum heim seinnipartinn og borðuðum dýrindis máltíð eins og alltaf.

Mánudagurinn 15. ágúst

Nú var haldið frá Chester og ekið norður eftir til Liverpool. Áður en lagt var af stað var sunginn afmælisöngur fyrir afmælisbarn dagsins, hana Maríu. Svo var ekið í sól og blíðu og þegar til Liverpool var komið stoppuðum við hjá vöruskemmunum. Þær hafa verið byggðar upp og endurgerðar eftir stríðið ásamt konungskastalanum sem er síðan 1235. Liverpool varð fyrir gríðarlegum loftárásum í seinna stríði. Nú er búið að endubygga höfnina með vöruskemmunum og er hún komin á heimsminjaskrá Unesco. Allar byggingarnar eru úr þessum rauða steini og er ótrúlegt að sjá hvað allt er orðið glæsilegt eftir árásir þjóðverja því af myndum að dæma þá var þarna allt í rúst.

Bítlaafnið er staðsett í Liverpool og skoðuðum við það og var mjög gaman að rifja upp þennan tíma og heyra gömlu bítalögin spiluð. Eftir skoðunarferðina þá enduðum við á því að fara í minjagripabúðina. Þarna var lítið tívolí sem sumir fóru í en aðrir gengur um í blíðunni. Það er ekki einungis búið að byggja upp hafnarvæðið heldur líka miðbæjarkjarnann sem er mjög glæsilegur en hann skoðuðum við ekki.

Nú var haldið áfram eftir hraðbraut M62, þar fórum við að sjá skóga, fjöll og dali. Þarna fór maginn líka að segja til sín og var stoppað í ensku fallegu sveitaparpi sem heitir Holinirth. Þar snæddum við góðan mat og stoppuðum í einn og hálfan tíma í góðu veðri.

Eftir það var haldið af stað og ekið sem leið lá til York að hóteli sem heitir Indigo. Við komum okkur fyrir á hóteliinu og snæddum kvöldverð. Eftir það fóru sumir í kvöldgöngu, því veðrið var yndislegt, en aðrir sátu og spjölluðu.

Þriðjudagurinn 16. ágúst

Um kl. tíu, þegar allir voru búnir að borða morgunmat, var lagt af stað í göngu niður í miðbæ York. Allar byggingarnar þarna eru fallegar, gamlar og vel við haldið. Við

Munið eftir www.ein.is



gengum að Dómkirkjunni, þeirri næststærstu í Evrópu. Hún var skoðuð og hægt var að ganga upp um hundrað tröppur og blasti við manni mjög fallegt útsýni. Á kirkjunni eru sjö stórir og tilkomumiklir gluggar sem eru kallaðir „systurnar sjö“. Þessi kirkja er gífulega stór og falleg og mikið mannlíf í kringum hana. Þar gat að líta skóladreng sem var að safna sér pening fyrir náminu og blés hann stærstu sápukúlu sem við höfum séð. Einnig var þar að sjá hina ýmsu sölubása af öllum stærðum og gerðum.

Þessi borg er með borgarvirki byggt af Rómverjum og gengum við að rústum Cliffordkastala en þar stóðu eftir tröppur sem voru hluti af kastalanum. Þarna var líka að finna vikingasafn og fóru sumir og skoðuðu það.

Eftir þetta var gefinn frjálfs tími og hægt var að fara í siglingu, bæjarstrætó eða ganga eftir múrnum. Í miðbænum var stór markaður og lék verðið við okkur eins og alltaf og allir nutu sín í botn. Um kvöldið hélt hópurinn á veitingahús nálægt hótelinu en þar þurftu menn að ganga upp á

hanabjálka. Þetta hús hafið áður hýst gistihús og veiðafæra-verslun og var sögð saga af því að þarna gengi maður aftur og blési í hálsmál fólks. Svenni hafði orð á því að í fyrri ferð hans hafi hann fundið fyrir þessum blæstri. Við vorum þarna fram eftir kvöldi en York er ein af skemmtilegustu borgunum sem við komum til. Eftir máltíðina var haldið heim á hótél að hvíla sig því við áttum langa leið fyrir höndum daginn eftir.


Miðvikudagurinn 17. ágúst

Nú var York kvödd og haldið suður á bóginn og var löng keyrsla framundan. Bjössi les fyrir okkur sögur og brandara til að stytta okkur stundir, hann hvetur ferðafélagana til þess saman sem og þeir gerðu. Við okum sem leið lá fram hjá Grimsby og Hull sem allir könnuðust við frá því í þorskastríðinu. Sigurbjörg sagði okkur frá eyðileggingunni og uppbyggingunni eftir stríðið. Hún sagði okkur einnig sögur um England að fornu og nýju. Einnig okum við framhjá Lester en þar sagði hún hæsta hlutafall útlanda búa og þar hefði verið fundin gröf Rikharðs þriðja.

Nú vorum við komin til Stradford en það er bær sem lifir af forni frægð Shakespear og í bænum er hús þar sem hann fæddist í og bjó. Við stoppuð í Stradford í tvo tíma í miklum hita og sól og hefur bærinn mikla sögum ásamt því að vera vinsæll ferðamannabær, en hann er örlítið stærri en Akureyri. Eftir stoppið var haldið af stað til London, en hún er milljóna borg og hefur verið byggð í meira en 2000 ár. Í London er mikið fjölmenningsamfélag og sagði Sigurbjörg okkur hvað væri í vændum. Hún sagði okkur frá öllu stóru byggingunum sem borgin skartar og þá orti Davíð:

*Að aka bíl er eins manns starf;
ekki handa tveim.
Svenni stýrissætið þarf.
Símon! Farðu heim!*

Þegar við fórum að nálgast borgina fór bílstjórinn, hann Símon, að ókyrrast og sagðist vera að nálgast foking





stærsta bílastæðið í London, slík var umferðin. Hótelíð okkar var í Wimbeldon-hverfinu og heitir Holliday Inn. Um kvöldið var einhver misskilningur með matinn en því var reddað með því að borðað var á veitingastað í nágrenninu og borðað var í tveimur hollum, léttan og góðan mat.

Fimmtudagurinn 18. ágúst

Pennan dag var London skoðuð. Eftir morgunmat hélt Bjossi fund og sagði að „nú yrðu allir að halda sér saman“ en hann átti við að allir yrðu að halda hópinn og fylgjast með hvert öðru. Nú var Sigurbjörg búin að fá sér aðstoðakonu, hana Ösp, sem leyddi okkur í gegnum daginn. Byrjað var á því að fara í neðanjarðarlest og voru allir búnir að fá kort sem gildi í þrjá sólahringa. Hópnum var skipt upp í tvennt og haldið var í miðborg London.

Farið var upp hjá Tower of London við Thames ána og þar gengum við um borð í borgarbát sem átti að sigla um ána. Þegar við komum um borð byrjuðum við á því að borða þriggja rétta máltíð og borgin skoðuð frá Thames ánni. Fólk gat farið upp á dekk og tekið myndir. Bátsferðin tók tvo tíma og síðan var haldið sem leið lá gangandi í gengum stræti borgarinnar. Við byrjuðum á því að skoða byggingar hermálaráðuneytisins, næst skoðuðum við húsið sem Churchill starfaði í og þar næst héldum við að Downingstræti 10 en sáum ekki forsætisráðherrann í þetta sinn.

Borgin iðar af sögu og lífi og sáum við byggingar þar sem öryggisgæsla drottningarinnar er ásamt því að fara í gönguferð í gegnum St. James garðinn og þar stoppuðum við í kaffibolla. Eftir þetta var gengið til hallar drottningar og torgið þar fyrir framan skoðað en þar er stytta af Viktoríu. Á hverju horni má upplifa sögu borgarinnar. Við gegnum vítt og breitt um borgina og skoðuðum meðal annars Westminster Abbey, þinghúsið og fleira en við enduðum á Trafalgartorgi og sagði fólk að við værum búnin að ganga 14 kílómetra.

Frá torginu gengum við á ítalskan veitingastað og snæddum þar áður en haldið var af stað heim með neðanjarðarlestinni. Björn var mjög ánægður með hópinn og hófðu allir staðið sig með prýði en eftir alla þessa göngu þá orti einn ferðafélaginn, hann Ríkarður, vísu um Sigurbjörgu:

*Sibba hleypur hér um grund
heldur stórstíg brokkar.
Sjálf hún líkir sér við hund
sem aftur snýr til okkar*

Föstudagurinn 19. ágúst

Þessi dagur var frídagur og notaði fólk hann til þess að hvílast eða ferðast með neðanjarðarlestinni til miðborgarinnar og versla eða kíkja á kaffihús.

Laugardagurinn 20. ágúst

Nú yfirgáfum við hótelið í London og í fyrsta skipti ringdi hraustlega. Ætlunin var að fara niður til Brighton en sökum rigningar og hvassviðris var stefnan tekin á safn samgöngutækja í útjaðri London. Á leiðinni þangað fræddi Sigurbjörg okkur um ris og fall bílaiðnaðarins á Bretlandi á árunum fyrir og eftir stríð. Safnið heitir Brookland Museum og þar mátti sjá faratæki af ýmsum gerðum, kappakstursbíla, fólksbíla, strætisvagna og meira að segja flugvélar. Undu menn sé vel og þá sérstaklega karlpeningurinn og líklegt er að þeir hafi gleymt búðarrápinu frá deginum áður þegar við komum á safnið.

Eftir að hafa skoðað safnið þá héldum við út á flugvöll og bílstjórinn var kvaddur. Nú var þessi ferð á enda runnin. Skemmtileg ferð í alla staði, góðir ferðafélagar og veðrið lék við okkur mest allan tíman. Við áttum gott flug heim og nú var komið að Svenna að aka okkur heim til Akureyrar. Hópurinn kom í Skipagötu klukkan eitt um nóttina, þreytt og sæl eftir frábæra ferð til Englands.

Takk fyrir okkur!

Páll og Sigurlaug

Munið eftir www.ein.is

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár



**SJÓMANNAFÉLAG
EYJAFJARÐAR**



Albýðusamband Íslands



Þínar þarfir - okkar þjónusta



Óseyri 22 • 603 Akureyri • Sími 462 1751 • Fax 461 1164

Aðildarfélag SGS krefjast jafnræðis gagnvart veiku fólki

Í nóvember barst stéttarfélagum beiðni frá Landspítalanum um að nýta orlofs-íbúðir félaganna þegar þörf er á að kyrrsetja þungaðar konur/foreldra utan af landi í Reykjavík vegna veikinda.

Stéttarfélag hafa byggt upp orlofsíbúðir af miklum metnaði síðustu áratugi fyrir félagsfólk sitt til að auka lífsgæði þeirra og gera fólki kleift að ferðast um landið. Eftir því sem heilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni hrakar og fólk þarf í auknum mæli að leita sér lækninga til höfuðborgarsvæðisins hafa þessar íbúðir verið nýttar fyrir veikt fólk og þungaðar konur.

Stéttarfélagin standa við bakið á sínum félagsmönnum en það er algerlega ófært að

treyst sé á að stéttarfélagin bæti fyrir versnandi heilbrigðisþjónustu fyrir fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Það kemur til viðbótar því vinnutapi sem sífellt lengri vegalengdir og fjarvistir vegna læknaðstoðar kalla á. Hið opinbera á að sinna skyldum við fólk alls staðar af landinu og ekki treysta á sjóði sem félagsmenn stéttarfélaga hafa byggt upp í áratugi.

Það er skýr krafa aðildarfélaga Starfsgreina-sambandsins að hið opinbera tryggi jafnræði á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og sinni skyldum sínum gagnvart veiku fólki og þunguðum konum sem ekki geta lengur sótt þjónustu í heimabyggð.



Tvær sjúkraíbúðir í Reykjavík

Auk sex orlofsíbúða sem Eining-Íðja á í Reykjavík er félagið þar einnig með tvær sjúkraíbúðir sem eru að fullu nýttar af félagsmönnum sem þurfa að leita lækninga í Reykjavík.

„Ég hef oft átt erfiðara með að segja nei heldur en hitt“



„Þorsteinn E. Arnórsson hóf afskipti af verkalyðsmálum um 1970 og hefur verið í þeim geira síðan, með smá hléum þó. Hann var fyrst kosinn trúnaðarmaður 1970 á Fataverksmiðjunni Heklu fyrir kvöld- og næturvakt. Hann sat bæði í stjórn lðju félags verksmiðjufólks og í trúnaðarmannaráði þess til margra ára og var formaður lðju árin 1995 til 1999. Þegar lðja og Eining sameinuðust varð hann formaður lðnaðardeildar Einingar-lðju og er nú þjónustufulltrúi lðnaðar- og tækjadeildar félagsins. Hann sér m.a. um lögfræðisamskipti, innheimtumál, gjaldþrot o.fl. Þá er hann annar eftirlitsfulltrúi félagsins í sambandi við vinnustaðaskirteini. Hann var fulltrúi lðju á stofnþing Landsambands iðnverkfólks og varaformaður þess frá árinu 1994. Þá hefur hann setið í miðstjórn ASÍ og AN.“

Ofangreind ummæli voru höfð um Steina á aðalfundi félagsins árið 2011 þegar hann var sæmdur gullmerki Einingar-lðju. Síðasti starfsdagur Steina hjá félaginu var 31. október sl. en þá lét hann af störfum sökum aldurs, orðinn 69 ára.

Það var ef til vill ákveðinn fyrirboði, en þegar Steini hóf störf á vinnumarkaði vorið 1961 þá var hans fyrsta verk að fara í verkfall. „Yfirleitt byrjaði vinnan í kringum 15. maí því skólinn var alltaf búinn svo snemma, en ég gat ekki hafið

störf fyrr en í júní vegna verkfalls þetta vor. Þetta voru mín fyrstu kynni af kjarabaráttunni, en ekki alveg þau síðustu.“ Steini bætir við að hann hafi í raun aðeins byrjað áður á vinnumarkaðinum því tvö sumur hafði hann verið sendur í sveit og „svo bar ég út Morgunblaðið í Glerárþorpi árið 1960, en þá kostaði blaðið 2 krónur.“

Af hverju verkalyðsbarátta?

„Ég var búin að vinna lengi á verksmiðjunum. Var alltaf duglegur að mæta á fundi og lét auðvitað aðeins í mér heyra. Það varð til þess að Jón Ingimars, þáverandi formaður lðju, setti mig í nefnd með nokkrum góðum mönnum til að undirbúa fyrsta trúnaðarmannanámskeiðið. Námskeiðið var svo haldið á Akureyri 1973 og stóð yfir í eina viku. Það tókst mjög vel, ég sat það reyndar sjálfur enda var ég trúnaðarmaður á mínum vinnustað á þessum tíma.“

Trúnaðarmenn Einingar-lðju eru mikilvægir hlekkir í starfi félagsins og segir Steini að trúnaðarmannakerfið sé tenging félagsins við vinnustaðina. „Það skiptir miklu máli að vera með öflugum trúnaðarmenn. Ég byst við að starf trúnaðarmannsins hafi breyst og aukist í gegnum tíðina, en

það fer auðvitað bæði eftir vinnustaðnum og einstaklingnum sjálfum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið. Trúnaðarmaður á ekki að vera að standa í deilum við vinnuveitandann. Starfsfólk félagsins á alfarið að sjá um það.“

Hvernig stóð á því að þú hófst störf á skrifstofu lðju árið 1994?

„Ég var í þannig vinnu að ekkert var unnið á föstudögum. Starfsmaður sem unnið hafði á skrifstofu lðju var hættur og því var ég beðinn um að vera til aðstoðar á skrifstofunni á föstudögum. Árið 1994 kom ég svo alfarið inn á skrifstofuna og árið eftir tók ég við af Kristínu Hjalmarisdóttur sem formaður lðju. Það var með

þetta eins og svo margt annað, ég ætlaði ekkert að gera þetta, maður bara svona lenti í þessu. Ég hef oft átt erfiðara með að segja nei heldur en hitt því það er gaman að takast á við áskoranir og nú tekur við ný áskorun. Ég hvorki kvíði fyrir né hlakka til að hætta. Þetta er bara skref sem þarf að taka ef þú ert svo heppinn að ná þessum aldri því það er ekki sjálfgefið að verða gamall.“

„Skipulagði og sat fyrsta trúnaðarmannanámskeiðið“

Sameiningin

Eining-löja varð til við sameiningu löju og Einingar árið 1999 og segir Steini að tímabilið þar á undan hafi verið mjög skemmtilegt. „Lög félaganna voru ólík. Eining þurfti að fá 75% greiddra atkvæða til að samþykkja en ég þurfti að fá 75% félagsmanna löju til að samþykkja sameininguna. Þeir sögðu við mig hjá ASÍ að ég væri vitlaus og að ég ætti að breyta lögum löju, en ég neitaði því. Sem betur fer var ég með góðan stuðning frá nokkrum félagsmönnum, sér í lagi frá Jakobi Tryggvasyni sem þá var í stjórninni. Við sendum póst á alla félagsmenn til að fá viðkomandi til að kjósa, hringdum svo nánast í þá alla til áréttingar og buðumst meira að segja til að sækja atkvæði. Við reyndum allt sem okkur datt í hug. Auðvitað reyndi ég að fylgjast með hvað væri komið inn af atkvæðum og var farinn að sætta mig við það undir lokin að ná þessu ekki, en þegar til kom þá voru yfir 80% félagsmanna sem samþykktu sameiningu og mjög fáir voru á móti.“ Steini segir að menn hefðu gert grín að honum á þessum tíma og sagt að „ef það heyrðist í sjúkrahúsi þá hefði ég farið á eftir honum upp á spítala til að gá hvort það væri nokkuð atkvæði þar á ferðinni.“

Mikið heillaspor

Steini segir að sameiningin hafi tekist mjög vel og hafi verið mikið heillaspor fyrir félög-in og þá sérstaklega fyrir félagsmennina. „Ég sjálfur var búinn að fá ágætan undirbúning í því að hefja störf fyrir félagið. Á þessum tíma var löja búin að leigja Lífeyrissjóði Norðurlands skrifstofu félagsins í norðurenda Alþýðuhússins og var í staðinn með eina skrifstofu hjá Einingu. Þannig að ég kannaðist vel við nýju vinnufélagana og í raun búinn að vinna með þeim um tíma.“

Steini bætir við og segir að við sameiningu hafi verið um 720 manns í löju og eiginlega gert ráð fyrir að hann þekkti þá alla, „en við sameiningu þá fjölgaði félagsmönnum um um yfir 5.000 manns þannig að það var ekki séns að þekkja lengur öll andlitin, hvað þá með nafni.“

Lenti í ýmsu

Steini segist líka hafa lent í því að verða varaformaður Landsambands iðnverkafélaks. „Ég tók við því embætti þegar Kristín hætti og varð til þess að ég var í forsvari fyrir samningana þegar Flóabandalagið var myndað og löja í Reykjavík fór með þeim. Ég sem varaformaður þurfti því



1. maí 2016. Steini með rauðan fána, ekki í fyrsta skipti.

að leiða samningana fyrir landsbyggðarfélagið. Sem betur fer var það liðin tíð á þessum tíma að samningsaðilar væru lokaðir inni í Karphúsinu í marga sólarhringa án þess að fá næringu, en oft var biðin löng. Einu sinni þurfti ég að biða í tæpa tvo sólarhringa eftir einni málsgrein frá vinnuveitendum þannig að það kom fyrir að maður þyrfti að eyða löngum stundum í Reykjavík í ekki neitt.“

Hefur starfið mikið breyst á þessum árum sem þú hefur verið starfandi í verkafélagsheyringunni?

„Það sem er auðvitað betra núna er allt þetta

aukna upplýsingaflæði til félagsmanna. Öll þessi nýja tækni gerir hlutina einfaldari, það má finna svo að segja allar upplýsingar á heimasíðu félagsins. Oft heyrir maður að fundasókn sé ekki góð en ég er ekki viss um að hún sé eitthvað verri í dag en á árum áður. Ef þú skoðar gamlar fundargerðir þá er mjög oft verið að kvarta undan fundasókninni. Það er eðlilegt að mætt er misjafnlega vel á fundi, yfirleitt koma fleiri þegar eitthvað mikið gengur á.“

Steini segir að mesta breytingin sé tilkoma vinnustaðaskírteina. „Sérstaklega eftir að ráðinn var inn til félagsins starfsmaður til að sinna þessu eftirliti. Í upphafi þá vorum við tveir sem vorum í eftirlitinu, sem var hrein viðbót við þá vinnu sem við vorum í. Þessi sameiginlegi eftirlitsfulltrúi sem ráðinn var af 14 félögum í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra hefur alveg meira en nóg að gera að sinna eftirlitinu sem skyldi. Það voru ekki allir sáttir við þessi skírteini og ansi margir t.d. gripnir við að stunda svarta vinnu og nokkrir jafnvel á atvinnuleysisbótum en „gleymdu“ að afskrá sig. Ef allir borguðu skatta af tekjum sínum væri betra að lifa á Íslandi.“

Er eitthvað sérstaklega eftirminni-legt sem stendur uppúr eftir öll þessi ár?

„Nei ég get ekki sagt það. Það er miklu fremur að maður muni eftir einhverjum málum sem tengjast vinnuveitendum, út af réttindum og slíku. Ég náttúrulega, eins og stundum áður, lenti í því að verða sá þjónustufulltrúi sem sá um innheimtumál varðandi laun, félagsgjöld og fleira. Ég var ráðinn til að vera leiðinlegur,“ segir Steini og hlær. „Væntanlega hef ég stundum staðið undir því nafni því það kom ansi oft fyrir að ég þurfti að hafa samband við aðila sem fóru ekki alveg eftir lögum og reglum. Mig minnir að það hafi ekki komið nema þrisvar fyrir að vinnuveitandi hafi skellt á mig í miðju samtali. Sérstaklega man ég eftir einu símtali, en viðkomandi vinnuveitandi var staddur í öðrum landshluta en fyrirtækið var starfrækt. Ég þurfti því að senda bréf til hans og spurði hvert ætti að senda það. Hann var eitthvað reiður við mig og sagði í fússi sendu það bara til andskotans. Ég í minni högværð spurði bara hvert heimilisfangið væri, en þá slitnaði sambandið og í þessum manni hef ég ekki heyrt síðan.“



Aðalfundur 1995, þegar Steini tók við formennsku.

Nú hefur þú lengi farið fyrir hönd félagsins í skólaheimsóknir. Skipta þessar heimsóknir einhverju máli?

„Já, svona heimsóknir skipta miklu máli og eru að skila sér margfalt tilbaka. Yfirleitt spyr ég í upphafi hve margir séu að vinna með skóla og eftir því sem fleiri gera það er áhuginn yfirleitt meiri. Krakkarnir eru vel vakandi yfir réttindum sínum og jafnvel skyldum líka. Á hverjum vetri erum við að fá tvö til sex mál inn til okkar frá þeim.“ Steini bætir við og segir að það sé virkilega gaman að fara í skólana með þessar kynningar, bæði í grunnskólana og einnig framhaldsskólana. „Áhuginn er auðvitað mis mikill en það hefur alveg komið fyrir að tíminn sem við fáum dugar varla. Ég man sérstaklega eftir einu skipti þar sem við vorum enn að ræða

málin einni klukkustund eftir að skólatímanum lauk, en þá þurfti að slíta fundi því ég var búin að lofa mér í annað.“

Hvað nú?

„Frá því Hafdis var ráðin hér inn á skrifstofuna í minn stað þann 1. apríl sl. hef ég verið í ýmsum sérverkefnum. Meðal annars í skjalskráningu og öflun mynda fyrir væntanlega bók um sögu verkalyðsbaráttu fyrri tíma ásamt öðru tilfallandi.“ Steini segir að hann muni sinna myndaleitinni eitthvað áfram

þar sem enn vantar myndir af nokkrum fyrrum formönnum félagsanna. „Það eru 24 félög sem standa á bakvið nafnið Eining-löja og rétt rúmlega 100 formenn sem hafa verið á þessu tímabili. Það er nú eftir talsverð vinna í því verkefni þannig að ég hef nóg að gera í því sem og öðru.“

Það blundar líka smá safnari í þér, er það ekki?

„Jú, það má nú eiginlega segja það,“ segir Steini og hlær. „Ég get ekki neitað því. Ég á marga steina til að setjast á nú þegar ég sest í helgan stein, ef svo má að orði komast, því ég hef verið steinasafnari í gegnum tíðina. Byrjaði eitthvað í

kringum 1968 að grípa fallega steina. Ég er að safna tegundum ekki magni og á eitthvað rúmlega 200 tegundir þó ég hafi verið latur að fara síðustu árin. Svo lenti ég líka í því á sínum tíma að setjast í stjórn lðnaðarsafnsins þegar það var stofnað 1998.

Stuttu áður kom Jón Arnþórsson til mín og sagðist vera að stofna safn til minningar um verksmiðjurnar og iðnaðinn á Akureyri. „Það var þitt fólk sem vann þarna, skrifaðu nafnið þitt hérna,“ sagði hann, lagði blað fyrir framan mig og benti á pappírinn hvar ég ætti að setja nafnið mitt. Þar með var ég orðinn þriðji maður í stjórn safnsins og hef setið í henni síðan. Það var reyndar gert að sjálfseignarstofnun árið 2004 þegar það fór inn á Krókeyri. Ég hef af og til verið skráður þar safnstjóri og ber þann titil vís í dag. Það má því alveg búast við því að ég muni verja einhverjum stundum á safninu á

næstunni eins og ég hef nú reyndar gert í gegnum árin. Þó safnið sé bara opið á laugardögum yfir vetrartímann þá tókum við á móti stærri hópum á öðrum tímum. Það er búið að vera mjög mikið um slíkar heimsóknir í haust, allskyns hópar en sérstaklega þó frá leikskólum og skólum bæjarins. Bara í október tókum við til dæmis á móti um 250 manns.“

„Maður bara svona lenti í þessu“

Viltu segja eitthvað við félagsmenn að lokum?

„Það skiptir máli að vera virkur og mæta á félagsfundi, sérstaklega þegar verið er að undirbúa kjarasamninga. Það er mjög mikilvægt að rödd hins almenna félagsmanns heyrir, það er ekki bara þeir sem eru trúnaðarmenn, í stjórn um deilda eða í stjórn félagsins sem hafa um þetta að segja. Hinn almenni félagsmaður verður líka að vera virkur í starfinu og koma sínum skilaboðum á framfæri. Við vitum auðvitað að allar kröfur ná ekki í gegn í samningum, það getur tekið mörg ár að ná inn ákveðnum þáttum. Það þarf bara að hamra á þessu nógu oft og fá samstöðu um hlutina því við erum alltaf að ná einhverjum kröfum sem hafa lengi verið á döfinni. Aðalatriðið er að því virkari sem félagsmenn eru því sterkara er félagið, það er nú bara þannig.

Ég vil svo að lokum óska vinnufélögunum, félaginu og félagsmönnum þess alls hins besta og þakka fyrir samstarfið.“

Alþýðusamband Norðurlands
Menningar- og fræðslusamband alþýðu

SKÍRTEINI

Nafn: Þorsteinn Arnórsson Iðnverksmaður
Staðsetning: Akureyri
Höfuðborg: Akureyri
Félag: Löjlu, félagi verksmiðjufólks, Akureyri

hefur sótt námskeið á vegum Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Alþýðusambands Norðurlands, dagana 12.-17. mars 1973

Námsefnið var:

- Um starf og hlutverk trúnaðarmanna á vinnustöðum.
1. Lög um stéttarfélag og vinnudeilur.
2. Starf og hlutverk trúnaðarmanna á vinnustöðum.
3. Heilbrigði og tryggt á vinnustöðum.
4. Kjarasamningar og undirbóningar að gerd þeirra.

Nemandinn fullnægði skilyrðum um ástundun og námsdrangur.

Akureyri, 30. mars 1973

FR. M.F.A. FR. M.F.A.

Forysta SGS í heimsókn

Í nóvember kom forysta Starfsgreinasambandsins, þ.e. Björn Snæbjörnsson formaður, Hjördís Þ. Sigurpórsdóttir varaformaður og Drífa Snædal framkvæmdastjóri í heimsókn til Einingar-löju og átti fund með stjórn félagsins. Þau eru nú á ferð um landið til að hitta stjórnir allra aðildarfélagasambandsins og fjallaði Björn aðeins um af hverju forysta sambandsins væri í þessari ferð. Hann sagði að umfjöllunarefnið væri m.a. um störf SGS og starfsemi hvers félags fyrir sig, áherslur til framtíðar og annað sem félögin óska eftir að taka til umfjöllunar.

Drífa fjallaði aðeins almennt um SGS og

kynnti í stuttu máli hlutverk þess og verkefni. Sagði m.a. að það hefði átt 15 ára afmæli í fyrra, að aðildarfélögin voru 50 í byrjun en eru núna 19. Hún sagði að hryggjarstykkið í starfinu væri auðvitað samningagerð en þess á milli er það t.d. að miðla upplýsingum til félaganna. Hún minntist á starfið sem unnið er með unga fólkinu í hreyfingunni og sagðist vera mjög stolt af því starfi og að það væri komið til að vera. Hún fjallaði aðeins um formannafundina sem haldnir eru þrisvar á ári en þar eru línurnar lagðar í starfsemi sambandsins. Hún sagði að vel hafi tekist til með fræðsludaga starfsfólks stéttarfélaganna sem hafa farið fram í nokkur skipti, en þá sér sambandið um skipulagn-



inguna eftir óskum starfsmanna stéttarfélaganna. Svo sagði hún einnig aðeins frá þemamánuðunum, fræðsludögum, kjarakönnunum, aðstoð við einstaklinga og aðildarfélög og gerð stofnanasamninga.

Drífa sagði líka frá erlendu samstarfi sem sambandið er í, hvernig sú vinna fer fram og hvað kemur út úr þessu samstarfi. Hún fjallaði líka um ýmis sérverkefni sem sambandið tekur þátt í, t.d. aðgerðarhóp um mansal, skoðun aðbúnaðar og kjör hótelperna með Vinnueftirlitinu næsta vor, rannsókn um kynferðislega áreitni í þjónustustörfum og ráðstefnu sem haldin var í framhaldinu, ráðstefnu í janúar 2017 um vaktavinnu og hlutastörf og „Fund fólksins“ sem sambandið hefur tekið þátt í. Að lokum sagði hún frá skipulagi sambandsins og þingi SGS sem haldið er annað hvert ár.

Miklar og góðar umræður urðu á fundinum um starf verkalyðshreyfingarinnar í heild, félagsins og sambandsins í nútíð og framtíð. Einnig var t.d. talað um félagafrelsi, trúnaðarmenn, sjálfböðavinnu, um vinnustaðaeftirlitið og mikilvægi samstarfs félaga í þeirri vinnu og margt fleira.



Bærinn brennur

Í nýrri bók Jóns Hjaltasonar, *Bærinn brennur*, er nýju ljósi varpað á sögu Akureyrarkaupstaðar. Akureyringar voru sakaðir um að vera brennuvargar. Sagan sögð í máli og fágætum ljósmyndum sem eru vel á fjórða hundrað og hafa fæstar birst á prenti áður. *Bærinn brennur* er einstaklega glæsileg bók sem bregður upp ljóslifandi myndum af eldsvoðum, afdrifum einstakra húsa, þróun byggðar og ekki síst mannlegum örlögum á Akureyri.

„Þeir brenna sér til gagns og gamans á Akureyri, en hér kann enginn að halda á eldspýtu“, sagði alþingismaðurinn Jón Þorkelsson í Reykjavík. Og eftir Oddeyrarbrunnann skelfilega var ort: „Og margir þeir kváðu að kveikt væri í.“

Í bráðskemmtilegum og fróðlegum texta, og hafsjó ljósmynda, rekur höfundurinn, Jón Hjaltason, sögu eldsvoða á Akureyri, frá þeim fyrsta til hins geigvænlega verksmiðju-bruna á Gleráreyrum í janúar 1969.

„Dælurnar komust bara aldrei almennilega í gang,“

rifjar Hallgrímur Skaptason upp um brunann á Gleráreyrum þegar eldarnir loguðu í tólf klukkustundir samfleytt.

Tilboð til félagsmanna

Almennt verð bókarinnar er kr. 9.800, en verð til félagsmanna Einingar-löju er kr. 7.350, sem samsvarar 25% afslætti. Það eina sem félagsmenn þurfa að gera ef þeir vilja nýta sér þetta tilboð er að hringja í pöntunarsíma, **862 6515**.





Starfsmenn á námskeiði

Um miðjan nóvember fóru starfsmenn félagsins á frábært námskeið sem heitir „Mitt allra besta.“ Leiðbeinandi var Bjartur Guðmundsson, árangursþjálfari og leikari, en hann fjallaði um mátt tilfinninganna, áhrif þeirra á ákvarðanir okkar og athafnir og hvernig við getum tekið stjórn á þessu mikla afli svo það vinni hratt og örugglega með okkur í stað þess að hafa tilviljanakennd áhrif á líf okkar með ýmist jákvæðum eða neikvæðum afleiðingum. Hugmyndafræðin og aðferðirnar sem Bjartur fór yfir á námskeiðinu miða að því að byggja upp færni til þess að kveikja á og kynda upp tilfinningar sem stórauka aðgengi okkar að innri auðlindum og auka gæði daglegra ákvarðana og athafna jafnt í vinnu sem og heima fyrir.

Einu sinni á ári fara starfsmenn Einingar-löðu á námskeið til að styrkja þá í starfi, ekki síst í þeim tilgangi til að geta veitt félagsmönnum enn betri þjónustu.

Aðeins nánar um námskeiðið

Rannsóknir í jákvæðri sálfræði sýna að tilfinningalegt ástand okkar hefur gríðarleg áhrif á aðgengi taugakerfisins að innri auðlindum eins og upplýsingum, sjálfsöryggi, hæfileikum, kunnáttu, visku, sköpunargáfu, samskiptahæfni, áhrifamætti og færni til að leysa vandamál og verkefni. Tilfinningalegt ástand hefur áhrif á færni okkar til að meðtaka upplýsingar og læra. Það hefur áhrif á hvað við erum tilbúin að gera og hvað ekki. Það hefur stórkostleg áhrif á ákvarðanir okkar, athafnir og hvernig við túlkum og upplifum aðstæður. Tilfinningalegt ástand hefur einnig áhrif á hvaða tækifæri við sjáum og hvaða tækifæri við grípum eða látum okkur úr greipum ganga.

Mannlegar tilfinningar eru eitt sterkasta afl sem við höfum aðgengi að. Þær eru drifkrafturinn að baki öllum okkar athöfnum. Kraftur þeirra er eins og kjarnorka sem hægt er að virkja á stórfenglegan hátt. Þetta afl býr í sama mæli innra með okkur öllum og getur fært okkur velgengni og hamingju ef við lærum að temja það. Staðreyndin er þó sú að fáir átta sig raunverulega á mætti tilfinninganna og enn færri búa yfir þekkingu og færni til að nýta þetta mikla afl á meðvitaðan og uppbyggilegan hátt.



Konfektnámskeið

Í nóvember hélt félagið þrjú námskeið í sal félagsins á Akureyri þar sem Hulda Einarsdóttir kenndi áhugasömum félagsmönnum hvernig búa ætti til konfekt.

Auglýst var eitt námskeið en vegna mikillar aðsóknar þurfti að bæta við tveimur námskeiðum.



Dyravarðanámskeið

Dyravarðanámskeið sem stóð yfir í tvær vikur lauk um miðjan nóvember. 16 þátttakendur tóku þátt í námskeiðinu, en frá því árið 2000 hefur Eining-Íðja, í samstarfi við Sýslumanninn á Norðurlandi eystra og lögregluna, staðið fyrir slíkum námskeiðum. Eitt af skilyrðum fyrir skemmt-analeyfi er að þeir sem starfa við dyravörslu hafi lokið slíku námskeiði.

Námskeiðið var bæði bóklegt og verklegt. Bóklegu tímarnir fóru fram í Einingar-Íðu-salnum í Alþýðuhúsinu en verklegar æfingar fóru fram á slökkvistöðinni, í húsnæðu Rauða krossins og í sal Fenris. Farið var yfir fjölmarga þætti sem fylgja starfi dyravarða. Daníel Guðjónsson yfirlög-reglupjónn fjallaði um samskipti dyravarða og lögreglu, reglugerð um löggæslu á skemmtunum og borgaralega handtöku. Kári Erlingsson rannsóknarlögreglumaður var með fræðslu um fíkniefni. Jón Ívar Rafnsson, frá Vátryggingarfélagi Íslands, fór yfir og útskýrði það helsta í sambandi við tryggingar í starfi. Anna Júlíusdóttir, varaformaður Einingar-Íðu, fjallaði um réttindi og skyldur starfsmanna sem og vinnuveitenda. Þorsteinn Pétursson lögreglumaður fór yfir hvernig menn eiga að skoða skilríki og annað sem viðkemur dyravarðastarfinu. Sigurður Eiríksson, fulltrúi sýslumanns fjallaði um áfengislög, reglugerð og leyfi vegna áfengisveitinga og fleira. Gauti Grétarsson kenndi slyshjálpi, Martha Óskarsdóttir, verkefnastjóri við eldvarnaeftirlit fór yfir brunavarnir og Ingþór Örn Valdimarsson fór í gegnum ferlið hvernig eigi að bera sig við að handtaka menn.

Á myndinni eru nýútskrifaðir dyraverðir ásamt varaformanni Einingar-Íðu, Önnu Júlíusdóttur, og einum af fjölmörgum kennurum sem kenndu á því, Steina Þje, fyrirverandi lögreglumannni.

Trúnaðarmannanámskeið

Nýlega voru haldin tvö trúnaðarmannanámskeið í sal félagsins á Akureyri, þrep 1 og þrep 2. Leiðbeinendur á þessum námskeiðum voru þau Sigurlaug Gröndal og Guðmundur Hilmarsson, frá Félagsmálaskóla alþýðu, ásamt starfsmönnum stéttarfélaganna.

Á þessum námskeiðum er farið yfir efni sem kallast *þjóðfélagið og vinnumarkaðurinn*, *trúnaðarmaðurinn* - starf hans og staða og samskipti á vinnustað. Þarna er m.a. verið að skoða samfélagið út frá ýmsum sjónarhornum, t.d. hvernig lýðræðislegar ákvarðanir eru teknar og hver lýðræðislegur réttur okkar er í samfélaginu. Farið er yfir hvernig vinnumarkaðurinn er uppbyggður og verkalyðshreyfingin. Farið er í starf trúnaðarmannsins út frá lögum og kjarasamningum og einnig hvernig trúnaðarmaður á að starfa. Verkefni eru lögð fyrir nemendur því tengdu og fá þau að kynnast mismunandi samskiptahefðum og samskiptamynstrum og jafnframt er skoðað er hvernig sjálfstraust hefur áhrif á samskipti okkar.

Einnig er farið yfir lestur launaseðla og launaútreikninga þar sem nemendurnir læra að þekkja uppbyggingu launaseðla og mikilvægi þess að geyma launaseðla. Þau læra að þekkja útreikninga á einingaverði og yfirvinnutíma, stórhátíðarkaups og vaktalags, einnig læra þau að þekkja uppbyggingu skattþrepa og útreikning frádráttarliða. Þau þurfa m.a. að leysa verkefni sem felst í því að reikna út launaseðil frá grunni.

Starfsmenn stéttarfélaganna sjá um kennslu einn dag af fimm sem námskeiðin standa yfir en þá fá nemendur kynningu á starfsemi síns félags, réttindum félagsmanna og um sjóði félaganna. Einnig er farið í túlkun kjarasamninga og gildi þeirra.



Verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra

„Í 99% tilvika er mjög vel tekið á móti mér“

Frá 1. maí sl. hefur Vilhelm Adolfsson starfað sem verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra. Á þeim tíma hefur hann farið í fjölmargar vinnustaðheimsóknir og skráð um 1.200 einstaklinga inn í eftirlitskerfið. „Alla einstaklinga sem ég skrá inn í kerfið okkar hef ég hitt persónulega. Svo hafa oft verið aðrir í för með mér líka og þeir hafa skráð um 200 einstaklinga, þannig að fjöldi þeirra sem búið er að skrá á svæðinu frá því 1. maí er eitthvað um 1.400.“

Það eru 14 stéttarfélög sem eru starfandi í Eyjafirði og á Norðurlandi vestra sem standa að verkefnastjóranum, en um er að ræða reynsluverkefni til 18 mánaða. Samningurinn tók gildi þann 1. maí sl. og gildir til 30. október 2017. Vilhelm segir að það hafi gengið mjög vel frá því verkefnið hófst. „Eðlilega eru sum félög virkari en önnur, eru það lítil að þau hafa ekki eftirlitsfulltrúa á svæðinu þó þau séu í þessu samstarfsverkefni. Þá reynir á aðra fulltrúa að fara inn á þeirra svið, en þeir sem hafa verið til staðar hafa reynst mér mjög vel. Ég finn að vilji er fyrir því að starfið verði eftt, hvort sem ég verð í því eða einhver annar. Það hefur ýmislegt gengið á og enn eru því miður sum fyrirtæki með allt niður um sig, sum vita ekki að þau séu að gera rangt en flest fyrirtækin sem ég hef heimsótt eru í lagi. Við reynum að leiðbeina þeim fyrirtækjum sem eru ekki með hlutina í lagi, annaðhvort ég eða sá sem er með mér. Flestir vilja hafa hlutina í lagi og í 99% tilvika er mjög vel tekið á móti mér, en á einum stað var mér hótad líkamsmeiðingum. Kollegar mínir fyrir sunnan hafa því miður lent oftar en einu sinni í því.“

Gott samstarf

Vilhelm segir að samstarfið við Ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnun og Vinnueftirlitið hafi gengið vel. „Ef ég þarf upplýsingar þá get ég leitað til þessara opin-

beru aðila og eins hef ég verið að fá ýmsar ábendingar til mín sem ég hef komið áfram á rétta staði. Hvort sem um er að ræða svarta atvinnustarsemi eða eitthvað annað. Ég finn að fólk er ekki alltaf tilbúið að tala við mig ef yfirmaðurinn er nálægt og því skil ég alltaf eftir nafnspjald á þeim stöðum sem ég fer á. Það hefur alveg komið fyrir að ég fái símtal nokkrum dögum seinna þar sem málin eru rædd.“

Lánaður vestur

Vilhelm fór í haust ásamt starfsmönnum frá ASÍ og Vinnumálastofnun til Vestfjarða og fóru þar í eftirlit með Verkalýðsfélagi Vestfirðinga og vinnueftirlitinu á svæðinu. „Ég var lánaður í nokkra daga til VerkVest. Var í hóp sem ferðaðist víða og heimsótti fjölmörg fyrirtæki, en samt náðum við bara að fara yfir huta Vestfjarða því þetta er stórt landssvæði og langt á milli staða. Þarna sem víða annarsstaðar var sumt í lagi en annað alls ekki í lagi,“ sagði Vilhelm.

Félögin 14

Félögin sem standa sameiginlega að þessari ráðningu eru Eining-lðja, sem ber ábyrgð á verkefnastjóranum, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Bygging - Félag byggingarmanna, Rafiðnaðarsamband Íslands, Aldan stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, lðnsveinafélag Skagafjarðar, Verslunarmannafélag Skagafjarðar, Félag leiðsögu- manna, VM Félag vélstjóra og málm- tæknimanna, Matvís, matvæla og veit- ingafélag Íslands, Félag iðn- og tækni- greina og Félag Hársnyrtisveina.

Nánar má lesa um vinnustaðaeftirlit og vinnustaðaskirteini á www.skirteini.is



Vilhelm Adolfsson.



Gistimiðar á Keahótel

Hjá félaginu eru til sölu fyrir félagsmenn gistimiðar á nokkur Keahótel sem niðurgreiddir eru af Einingu-lðju. Miðarnir eru til sölu á öllum skrifstofum félagsins.

Ráðlegt er að bóka með fyrirvara, en við pöntun verður að koma fram að greitt verði með gistimiða. Morgunverður af hlaðborði er innifalinn á öllum hótélum Keahótela.

ATHUGIÐ! Miðarnir gilda ekki um jól og áramót.

Hótel Kea Akureyri	16. maí - 30. september	1. október - 15. maí
	Pr. nótt	Pr. nótt
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 17.300,-	Kr: 12.600,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 22.400,-	Kr: 16.000,-

Hótel Norðurland Akureyri	16. maí - 30. september	1. október - 15. maí
	Pr. nótt	Pr. nótt
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 14.200,-	Kr: 8.750,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 18.500,-	Kr: 11.900,-
Reykjavík Lights / Skuggi hótel / Storm hótel í Reykjavík		
Eins manns herbergi með sturtu	Kr: 16.800,-	Kr: 10.750,-
Tveggja manna herbergi með sturtu	Kr: 22.000,-	Kr: 14.200,-

Jólalegur ofnréttur og ávaxtakaka frá Silvu

Silva

Í ár fengum við Kristínu Kolbeinsdóttur, eiganda veitingastaðarinnar Silvu í Eyjafjarðarsveit sem sérhæfir sig í matargerð þar sem áherslan er á hráfæði, lifandi fæði og grænmetisrétti, til að gefa lesendum blaðsins hátíðaruppskriftir.

Kristín náði tökum á eigin heilsu með bættem lifsstíl og þá fyrst og fremst í gegnum mataræði og náttúrulegar meðferðir. Í dag rekur hún Silvu, en er einnig með gístiaðstöðu ásamt manni sínum Gretti Hjörleifssyni að Syðra-Laugalandi þar sem þau eru með tvö sumarhús ásamt íbúðarhúsi með sex herbergjum.

Kristín segir að á hennar heimili sé lögð mikil áhersla á holla matargerð og á jólum er alltaf boðið upp á grænmetisrétti í bland við hefðbundnari rétti. Hún gefur hér uppskriftir að jólalegum ofnrétti sem borinn er fram með nýstárlegum svepparétti og brúnuðum kartöflum og svo ávaxtaköku í eftirrétt.

Heitur ofnréttur með sætum kartöflum

Fyrir 6-8

Tvær stórar sætar kartöflur eða þrjár litlar

Bakaðar í ofni við 200°C í 1 klst., hýðið tekið utan af og þær stappaðar gróft. Settar til hliðar fram að samsetningu

Grænmetisfylling:

- 1 rauðlaukur, smátt saxaður
- ½ blaðlaukur, smátt saxaður
- 1 grænn chillipipar, fínt saxaður
- 4 hvítlauksgeirar, pressaðir
- 1 msk cuminduft
- 1 msk ítalskt hvítlaukskrydd frá Pottagöldrum
- 1 msk paprikuduft
- Salt og pipar eftir smekk (ég nota ca. 1 tsk af hvoru en ég vil ekki mikið salt)
- 1 kúrbitur, skorinn í munnbita
- 6 gulrætur, sneiddar
- 3 sellerýstíklar, sneiddar
- 3 paprikur – gaman að hafa sitt hvorn litinn, skornar í bita
- 1 flaska hreint tómatsauk, ca. 400 ml

Aðferð:

Hitið pönnu með olíu sem nær yfir allan flötinn. Setjið lauk og chili út í og svissið þar til laukurinn fer að taka lit. Bætið hvítlaukum út í ásamt kryddunum. Setjið síðan restina af skorna grænmetinu út á ásamt tómatsósunni og látið malla í 5 til 10 mínútur.

Kókossósa:

- 1 dós kókosmjólk
- 4 hvítlauksgeirar
- 1 tsk múskat
- 1 tsk salt
- 1 tsk pipar

Aðferð:

Allt sett í blandara og maukað vel saman.

Samsetning:

Smyrið stórt eldfast mót. Setjið helmingsinn af sætkartöflumaukinu í botninn og hellið helmingnum af kókossósunni yfir. Setjið grænmetisfyllinguna ofan á, svo restina af sætkartöflumaukinu þar yfir og síðast restina af sósunni. Gott er að setja rifinn mexíkóost yfir allt í lokin eða annan uppáhaldsost.

Bakað í ofni við 180 °C í 30 mínútur

Fyrir þá sem vilja sterkari útgáfu er gott að bæta við 1 chilipipar.

Fyrir þá sem vilja ekki lauk – þá er honum einfaldlega sleppt og hvítlaukskryddinu skipt út fyrir t.d. sitrónupipar.

Marineraðir og bakaðir sveppir

3 box Flúðasveppir, skornir í ferninga

Marinering:

- 1 skallot laukur, smátt saxaður
- 2 hvítlauksrif, pressuð
- 2/3 bolli rauðvín
- ¼ bolli Bragg Liquid Amino (fæst t.d. í Hagkaup)
- ¼ bolli Dijon sinnep
- 1/3 bolli íslensk repjuolía eða önnur hrein olía
- 1½ tsk þurrkað tarragon/estragon (fáfnisgras)

Aðferð:

Setjið allt hráefnið í skál og pískið vel saman. Bætið sveppunum út í. Látið marineraðast í a.m.k. 20 mínútur, því lengur því betra. Veiðið sveppina úr marineringunni með gataspaða og raðið þeim á bökunarplötu með bökunarpappír undir. Bakið við 180°C í 20 mínútur.

Kartöflur í hlynsírópi

- 1 kg soðnar kartöflur
- 50 gr smjör
- 1 dl hlynsíróp

Aðferð:

Skerið kartöflurnar í báta. Hitið smjörið og hlynsírópið við meðalhita á pönnu og bætið kartöflunum út í þegar blandan er að byrja að gyllast. Látið malla á lágum hita þar til blandan er farin að loða við kartöflurnar.

Guðdómleg ávaxtakaka

Kökubotninn

- 1 bolli döðlur, saxaður
- 1 bolli gráfíkjur, saxaður
- ½ bolli rúsínur
- ½ bolli trönuber

Aðferð:

Ef þið eigið sterka matvinnsluvél þarf ekki að saxa ávextina áður en þeir eru settir í hana. Allt hráefnið er sett í matvinnsluvél og látið blandast þannig að



deigið tolli vel saman. (Má líka nota hrærivél). Stráð kókosmjöli eða fínsöxuðum möndlum/hnetum yfir kökudisk, þetta er til að kakan klessist ekki eins mikið við fatið og það sé auðveldara að ná sneiðunum af. Mótið kökubotn úr deiginu beint á diskinn. Setjið í frysti eða kæli á meðan þið búið til súkkulaðið.

Súkkulaðið:

- ½ dl kakó
- ½ dl kókosolíu, bráðin
- ¼ dl agave síróp

Aðferð:

Blandið kakóinu og kókosolíunni vel saman með písk. Bætið agave sírópinu út í og hræið áfram. Hellið yfir kökubotninn. Gott að bragðbæta með t.d. piparmintuolíu eða appelsínuolíu. Skreytið með fallegum berjum eða niðurskornum ávöxtum, kókosflögum, möndlum, hnetum, kakó nibbum eða því sem hugurinn gírnist hverju sinni.

Miscellaneous information

December bonuses

Eining-löja reminds its members that, according to their employment contracts, they are entitled to a December bonus. The amount varies, depending on contract specifications and the period defined as full-time employment. The bonus is to be paid as a single sum and is without the addition of a holiday bonus.

According to the wage contract concluded with the Municipal Wages and Salaries Commission, the December bonus is kr. 106,250.

According to Eining-löja contracts with the State, however, and wage and salary contracts on the general labour market, the bonus is kr. 82,000. State employees are to receive their December bonuses on 1 December, employees on the general labour market on 15 December and municipal employees are to be paid their bonuses in December, in accordance with the appropriate wage and salary contracts.



Winter rental of holiday chalets

Although summer is the traditional vacation season, many also take a holiday during other parts of the year and a large number of people choose to postpone part of their summer vacation until autumn or winter. This is a good time to remind members of Eining-löja that they have six good holiday options outside the conventional vacationing season. These options are staying in holiday chalets at Illugastaðir in Fnjóskadalur valley, Tjarnargerði in the district of Eyjafjarðarsveit, Svignaskarði in Borgarfirði and Einarstaðir Fljótsdalshéraði as well as making use of the union's holiday apartments in Reykjavík and Egilsstaðir. The autumn and winter rents cover the period from 15 September to 1 June.

Employment contracts

Employment contracts stipulate that all staff members receive written confirmation of their terms of employment, including period of

employment and the specific contract on which pay rates and terms of employment are based. A written employment contract is compulsory after one month of work. It gives the employee considerable security to be in possession of a written confirmation of employment. In case of a dispute, an employment contract may make all the difference.

Health fund

The right to get payments from the union's health fund is based on the payments to the Union. For example it is possible to get payments for the care of children with long term illnesses or disabilities. You can get payments because of a severe illness of your spouse, because of medical massage or physiotherapy, cancer prevention, membership in a gym, hearing devices, glasses and so on. The highest amount to be paid for the funeral of a 100% paying and valid member is about kr. 300,000.

The payments for the membership in a gym are about 35% of the bill, highest kr. 15,000 every calendar year. The payments for eyeglass lenses are also about 35% of the bill, highest kr. 25,000 every three years. Payments for buying hearing devices are also 35% of the bill, highest kr. 25,000 every three years.

Please remind!

Meetings of the administrative council of the health fund Eining-löja is held once a month. Cases which have to be decided about in the meeting have to be brought to the office at last every 27th of each month. Requests for all payments of the health fund are decided in the board meeting for example daily benefits, payments for physiotherapy, massage, cancer prevention and every other help paid by the rules of the fund.

Study grants!

In winter, schools in Iceland often offer numerous courses of varying length for Eining-löja union members. The possibilities of study are almost unlimited and Eining-löja urges its members who are planning to take courses this winter to obtain information regarding their right to individual grants by means of the education funds Landsmennt (landsmennt.is), Sveitamennt (sveitamennt.is) and Ríkismennt (rikismennt.is).

A union member in full time employment is entitled to a grant totalling kr. 75,000 although



it should be kept in mind that the grant covers a maximum of 75% of the total cost of each course. State employees are entitled to a 90% refund of total cost when engaged in studies that have direct professional relevance to their work. Union members can also apply for grants relating to courses undertaken in their free time or as hobbies. Such courses are supported to the tune of 75% of total cost as long as the amount does not exceed kr. 20,000. **Please note that free time/hobby grants are deducted from the total individual grant.**

Union members are entitled to a grant of kr. 100,000 when training for a professional driver's licence. The grant is only available once to each individual. It does not matter whether all four sections of the professional driver's licence are included in the training.

The Eining-löja home page www.ein.is presents leaflets from Landsmennt which have been translated into English, Spanish, Thai and Polish. Also leaflet in English from Ríkismennt.



Tickets for the Hvalfjörður tunnel

Tickets may be obtained for the Hvalfjörður tunnel at the Eining-löja offices in Akureyri, Siglufjörður and Dalvík. The price of each ticket is only kr. 635. Tickets may also be purchased from union representatives in Ólafsfjörður, Hrísey and Grenivík.

PLEASE NOTE! It is always possible to consult the local union representative in your workplace and you are of course welcome to contact Eining-löja, tel. 460 3600, if you need assistance. www.ein.is

ข้อมูลต่างๆ ที่ควรทราบ

เงินโบนัสเดือนธันวาคม 2016 (Desemberuppbót 2016)

ทางสหภาพแรงงาน (Eining-Iðja) ขอย้ำเตือนให้สมาชิกทุกท่านว่า ท่านมีสิทธิที่จะได้รับเงินโบนัสเดือนธันวาคม ตามสัญญาการว่าจ้างแรงงาน. จำนวนเงินที่จะได้รับนั้นจะไม่เท่ากัน ขึ้นอยู่กับสัญญาการว่าจ้าง และระยะเวลาการทำงานของแต่ละคน. เงินโบนัสนี้ จะจ่ายให้หมดในครั้งเดียวและจะไม่คิดรวมกับ เงินสะสมสำหรับพักร้อน. ตามสัญญาว่าจ้างที่ทางสหภาพฯ ได้ทำไว้กับทางคณะกรรมการฝ่ายปรับปรุงเงินเดือนของหน่วยเทศบาลนั้น. ข้าราชการ จะ ได้รับเงินโบนัสเดือน ธ.ค. เป็น จำนวนเงิน 106.250.- โครนอร์. แต่สัญญาว่าจ้างที่ทาง สหภาพฯ ได้ทำไว้กับทางรัฐบาลนั้น สัญญาว่าจ้างของตลาดแรงงานทั่วไป สมาชิกจะได้รับเงินโบนัสเดือน ธ.ค. เป็นจำนวนเงิน 82.000.- โครนอร์. บุคคลที่รับราชการ จะต้องได้รับเงินโบนัสเดือน ธ.ค. ภายในวันที่ 1 ธันวาคม. ส่วนลูกจ้างในตลาดแรงงานอื่นทั่วไป จะได้รับก่อนวันที่ 15 ของเดือน ธันวาคม และ ลูกจ้างของหน่วยเทศบาล จะได้รับเงินโบนัสดังกล่าวในเดือน ธันวาคมเช่นกัน ตามความคล่องตัวของสัญญาว่าจ้างแรงงานของแต่ละหน่วยงานนั้นๆ.

บัตรลดคูปอง (Miðar í Hvalfjarðargöngin)

สามารถหาซื้อบัตรลดคูปอง Hvalfjarðar ได้ที่สำนักงาน Eining-Iðja เมืองคูเรย์ร์ และเมือง ดาลวิก (Akureyri, Siglufjörður og Dalvík) ในราคาเพียงบัตรละ 635 โครนอร์ นอกจากนี้ยังจะหาซื้อบัตรได้ที่ตัวแทนของสหภาพฯ ที่ Ólafsfirði, Hrísey และ Grenivík

เงินกองทุนยามเจ็บป่วย (Sjúkkrasjóður)

สิทธิในการรับเงินช่วยเหลือจากเงินกองทุนยามเจ็บป่วย ซึ่งมีดังต่อไปนี้, จะได้รับเงินสนับสนุนจากกองทุนเมื่อต้องหยุดงานเพื่อดูแลลูกที่มีอาการป่วยระยะยาวหรือพิการ, ทุพพลภาพหรือมีภาวะการป่วยร้ายแรง, ต้องนอนเตียงเนื่องจากความเจ็บป่วย, ทำกายภาพบำบัด การรับการตรวจเช็คมะเร็งปากมดลูก, การบริหารร่างกาย, ซื้อเครื่องช่วยฟัง หรือ เลนส์แว่นตา และ อื่นๆ เป็นต้น. จะได้รับเงินช่วยเหลือในการมาปนีก เป็นจำนวนเงิน 300.000.-โครนอร์ เงินสนับสนุนเพื่อการบริหารร่างกายจะจ่ายให้ 35% จากใบเสร็จรับเงิน แต่ไม่เกิน 15.000. โครนอร์ในแต่ละปี. เงินช่วยเหลือเพื่อซื้อเลนส์แว่นตา และ เครื่องช่วยฟัง จะ จ่ายให้ 35% จากใบเสร็จ แต่ไม่เกิน 25.000.โครนอร์ของทุก 3 ปี.

สมาชิกทุกท่าน โปรดทราบ!

ทางสหภาพฯ จะ มีการประชุมเกี่ยวกับเงินกองทุนยามเจ็บป่วยเดือนละครั้ง เอกสารที่ต้องการยื่นเข้าที่ประชุม สามารถยื่นได้ที่ สำนักงาน Eining-Iðja ภายในวันที่ 27 ของเดือน. แบบฟอร์มเกี่ยวกับรายจ่ายที่ขอจากเงินกองทุนยามเจ็บป่วยทั้งหมด จะถูกนำเข้าสู่ที่ประชุม อาทิ, เงินค่าเจ็บป่วยรายวัน, ค่ากายภาพบำบัด, ค่านัดตรวจหามะเร็งปากมดลูก และ อื่นๆ. ซึ่งเป็นไปตามกฎของกองทุนที่จะต้องจ่าย.

เงินกองทุนเพื่อการศึกษาที่ควรทราบ (Kynntu þér námsstyrkina!)

ในฤดูหนาว โรงเรียนต่างๆ หลายแห่ง ได้จัดให้มีการอบรมต่างๆ ทั้งระยะสั้นและระยะยาว สำหรับสมาชิกของสหภาพฯ จึงเป็นโอกาสดีของสมาชิกที่ต้องการเข้ารับการอบรม ทางสหภาพฯ จึงต้องการเสนอให้ทุกท่านได้รับทราบถึงสิทธิที่พึงได้รับจากเงินกองทุนเพื่อการศึกษาจาก ลานส์แมนน์ (landsmennt.is) จากทางหน่วยเทศบาล (sveitamennt.is) และจาก ภาครัฐ (ríkismennt.is). แต่จะได้รับเพียงครั้งเดียวเท่านั้นไม่ว่าการอบรมนั้นจะมีกี่เทอมก็ตาม. ในเว็บไซต์ของสหภาพฯ www.ein.is ท่านสามารถเข้าหาข้อมูลจาก Landsmennt ซึ่งได้แปลไว้หลายภาษา เช่น ภาษาอังกฤษ, สเปน, ไทย และ โปแลนด์ เป็นต้น. อนึ่ง สามารถ หาข้อมูลที่เป็นภาษาอังกฤษได้จาก Ríkismennt.

บ้านพักร้อนให้ในช่วงฤดูหนาว (Vetrarleiga orlofshúsanna)

ทางสหภาพฯ ยังคงมีบ้านพักร้อนไว้ให้สมาชิกได้เลือกเช่าในช่วงฤดูหนาว นอกเหนือจากการพักร้อนตามปกติในฤดูร้อน. บ้านพักดังกล่าวมี 6 แห่งด้วยกัน คือ บ้านพักที่ Illugastöðum อยู่ที่ Fnjóskadal, Tjarnargerði อยู่ที่ Eyjafjarðarsveit, Svignaskarði อยู่ที่ Borgarfirði, Einarsstaðir อยู่ที่ Fljótsdalshéraði และยังมี อพาร์ทเมนท์ที่ Reykjavík, Egilsstaðir ไว้บริการอีกด้วย. การเช่าบ้านพักร้อนในช่วงฤดูใบไม้ร่วง และ ฤดูหนาวนั้น เริ่มต้น ตั้งแต่ วันที่ 15 กันยายน จนถึงวันที่ 1 มิถุนายน.

สัญญาการว่าจ้างทำงาน (Ráðningarsamningur)

ตามข้อตกลงในการทำสัญญาว่าจ้างทำงานนั้น ลูกจ้างทุกคนจะต้องได้รับการทำสัญญาเป็นลายลักษณ์อักษร ซึ่งต้องมีรายละเอียดเกี่ยวกับระยะเวลาในการว่าจ้างทำงาน, และระดับเงินเดือนตามสัญญาว่าจ้างงานประเภทนั้นๆ. ซึ่งสัญญาว่าจ้างจะต้องทำภายหลังจากที่ลูกจ้างได้ปฏิบัติงานที่ได้หนึ่งเดือน. การทำสัญญาให้เป็นลายลักษณ์อักษรนั้นสำคัญมากสำหรับลูกจ้าง เพราะหากมีปัญหาเกิดขึ้นก็สามารถใช้สัญญาเป็นหลักฐานได้. ที่สำนักงาน Eining-Iðja ท่านสามารถติดต่อสอบถามข้อมูลเกี่ยวกับการทำสัญญาว่าจ้างทำงานพร้อมทั้งมีแบบฟอร์มไว้บริการด้วย.

ระยะเวลาการออก และ ให้ออกจากงาน (Uppsagnarfrestur)

- ต้องเป็นไปตามความถูกต้องของทั้งสองฝ่าย
- ต้องเป็นลายลักษณ์อักษร
- ต้องทำงานจนถึงสิ้นเดือน

ในสองสัปดาห์แรกของการทำงาน

ถ้าต้องการลาออกก็สามารถทำได้ทันทีไม่มีเงื่อนไขใดๆ.

หลังจากการทำงานเกินกว่าสองสัปดาห์กับนายจ้างเดิม

จะลาออกได้หลังจากนั้นอีก 12 วัน.

หากอายุการทำงานเกิน 3 เดือนกับบริษัทเดิม

จะต้องทำงานให้ครบเดือนก่อน หลังจากนั้นอีก 1 เดือนจึงสามารถลาออกได้.

หากทำงานเกิน 3 ปี กับบริษัทเดิม ต้องทำให้ครบเดือนก่อน และ

หลังจากนั้นอีก 3 เดือน จึงสามารถลาออกได้. โปรดทราบ! ท่านสามารถ

ปรึกษากับตัวแทนพนักงานที่ท่านเลือกไว้ในที่ทำงานนั้นๆ ได้ หรือ ที่สหภาพฯ Eining-Iðja โทร. 460 3600 หากต้องการความช่วยเหลือ.



Gott að vita

Við viljum minna félagsmenn á eftirfarandi sem hægt er að kaupa á skrifstofum félagsins og veitir ágæta kjarabót. Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Einingar-Iðju.

Miðar í Hvalfjarðargöng

Á skrifstofum félagsins er hægt að kaupa miða í Hvalfjarðargöngin. Aðeins 635 krónur hver miði. Einnig er hægt að kaupa miða hjá fulltrúum félagsins í Hrísey og á Grenivík, í Grímsey og hjá Sjómannafélagi Ólafsfjarðar.

Gistimiðar á Fosshótel

Eining-Iðja er með átta íbúðir í Reykjavík, en þar sem þær eru mjög ásetnar er vert að benda á að félagið hefur til sölu niðurgreidda gistimiða á Fosshótel fyrir félagsmenn. Margir hafa nýtt sér þessa miða og er óhætt að segja að algjör sprenging hafi verið í sölu þeirra.

Verð miða er kr. 8.500 og gildir hver miði fyrir eina nótt í tveggja manna herbergi með morgunverði á árinu 2016. Miðana er hægt að kaupa á skrifstofum Einingar-Iðju. Ráðlegt er að bóka með fyrirvara. **Athugið!** Við pöntun þarf að koma fram að greitt verði með gistimiða. Nánari upplýsingar má finna á www.fosshotel.is

Różne informacje

Dodatek grudniowy (świąteczny) 2016

(Desemberuppbót)

Związek zawodowy "Eining-Iðja" pragnie przypomnieć swoim członkom, że zgodnie z umowami o pracę mają oni prawo do wypłaty specjalnego dodatku wypłacanego wraz z pensją grudniową.

Wysokość specjalnego dodatku do pensji grudniowej zależy od:

- a) zapisów szczegółowych w umowach zbiorowych
- b) stażu pracy
- c) wymiaru godzin w jakich pracownik jest zatrudniony (tzn. np. 100% etatu, 50% etatu, 75% etatu itd.)

Wyżej wymieniony dodatek ma być wypłacony jednorazowo w całości, ale nie jest do niego doliczany dodatek urlopowy (orlof) tak jak do innych wynagrodzeń za pracę.

Wysokość specjalnego dodatku grudniowego w oparciu o umowy zbiorowe zawarte z przedstawicielami komisji do spraw wynagrodzeń utworzonych przez zarządy lokalne wynosi 106.250 koron natomiast umowy zawarte między przedstawicielami związków zawodowych "Eining-Iðja", a przedstawicielami rządu, zgodnie z umowami zbiorowymi obowiązującymi na powszechnym rynku pracy, zapewniają wypłatę specjalnego dodatku grudniowego w wysokości 82.000 koron islandzkich.

Pracownikom państwowym specjalny dodatek grudniowy ma być wypłacony 1 grudnia. Pracownikom zatrudnionym na powszechnym rynku pracy powyższy dodatek ma być wypłacony nie później niż do 15 grudnia. Wszystkim pozostałym, włącznie z pracownikami pracującymi dla zarządów lokalnych powyższy dodatek ma być wypłacony w grudniu zgodnie z obowiązującymi ich przepisami wynikającymi z umów o pracę w danym sektorze zatrudnienia.

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng

Bilety na przejazd tunelem Hvalfjarðargöng można zakupić w biurach związku Eining-Iðja w Akureyri, w Siglufjörður i w Dalvíku. Bilet na jeden przejazd kosztuje tylko 635 koron. Bilety można również zakupić u przedstawicieli związku w Ólafsfjörður, na Hrísey i w Grenivíku.

Fundusz chorobowy

Prawo do wypłat z funduszu chorobowego zależy od płacenia składek związkowych. Wypłaty mogą dotyczyć m.in.: przewlekłych chorób dzieci, lub dzieci poważnie upośledzonych, poważnej choroby współmałżonka, wizyt u masażysty i fizykoterapeuty zaleconych przez lekarza, profilaktycznych badań antyrakowych, dopłat do kartonów na siłownię, kupna aparatu słuchowego i szkielek do okularów oraz wielu innych. Zasiłek pogrzebowy pełnoprawnego członka związku opłacającego składki wynosi 300.000 kr. Dopłata do kartonu na siłownię wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż

15.000 koron w każdym roku

kalendaryzowym. Dopłata przy kupnie szkielek do okularów wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 25.000 koron co 3 lata.

Dopłata przy kupnie aparatu słuchowego wynosi 35% zgodnie z przedstawionym rachunkiem, lecz nie więcej niż 25.000 koron co 3 lata.

Proszę zwrócić uwagę !

Zebranie zarządu funduszu chorobowego związku Eining-Iðja odbywa się raz w miesiącu. Dokumenty, które mają być przedstawione na zebraniu muszą być dostarczone nie później niż 27 dnia danego miesiąca. Podania o wszelkiego rodzaju dofinansowania z funduszu chorobowego, zgodnie z regulaminem funduszu są rozpatrywane na wyżej wymienionym zebraniu (dot. podań o zasiłki chorobowe, refundacje kosztów fizykoterapii, masaży, profilaktycznych badań antyrakowych oraz wszelkich innych wymienionych wcześniej).

Pamiętajcie o dofinansowaniu na naukę!

Eining-Iðja zachęca swoich członków zamierzających uczęszczać na kursy dokształcające, aby sprawdzili swoje prawa do dofinansowania w funduszach naukowych, których członkiem jest związek: Landsmennt (www.landsmennt.is) - Krajowy Ośrodek Doskonalenia, Sveitamennt (www.sveitamennt.is) - Regionalny Ośrodek Doskonalenia i Ríkismennt (www.rikismennt.is) - Rządowy Ośrodek Doskonalenia.

Landsmennt jest funduszem na doskonalenie się stworzony przez związki zawodowe i pracowników fizycznych na terenie całego kraju. Członkami (21) są związki zawodowe należące do Federacji Związków Zawodowych. Ríkismennt to fundusz badawczy pracowników rządowych na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS (Starfsgreinasambands Íslands). Sveitamennt jest funduszem pracowników administracji regionalnej na terenie całego kraju zrzeszonych w SGS.

Członkowie pracujący na pełnym etacie mają możliwość jednorazowego dofinansowania w wysokości 75.000 przez Landsmennt, 75.000 przez Ríkismennt i Sveitamennt. Landsmennt pokrywa do 75% kosztów kursu, a Ríkismennt i Sveitamennt do 75% zwrotów kosztów poniesionych w celu doskonalenia obecnie wykonywanego zawodu. Członkowie mają prawo do ubiegania się o zwrot kosztów kursu na prawo jazdy (samochody ciężarowe) w wysokości 100.000 - jednorazowo. Członkowie mogą również ubiegać się o dodatki na kursy hobbistyczne i rekreacyjne. Dofinansowanie do 75% całkowitego kosztu, nie przekraczające 20.000.

Kursy języka islandzkiego

Członkowie związków, których językiem ojczystym nie jest język islandzki mogą ubiegać się o dofinansowanie kursu języka islandzkiego w 75%, po miesiącu członkostwa w związkach. Ci którzy należą

do Ríkismennt lub Sveitamennt mög starca się o 90% dofinansowanie 150-godzinnego kursu języka islandzkiego po 3 miesiącach członkostwa.

Wynajmowanie domków wypoczynkowych w okresie zimowym

Członkom związku zawodowego "Eining-Iðja" oferuje się możliwość wynajęcia domków wypoczynkowych w okresie pozaurolopowym; tzn. poza okresem letnim oraz jesiennym czyli między 15 września a 1 czerwca każdego roku.

Do wyboru są domki wypoczynkowe w:

- 1) Illugastaðir w Fnjóskadal
- 2) Tjarnagerði w Eyjafjarðarsveit
- 3) Svignaskarð w Borgarfjarðar
- 4) Einarstaðir w Fljótshálsa
- 5) a także mieszkanie pozostające w dyspozycji naszego związku w Reykjavíku i w Egilsstaðir.

Umowa o pracę

Przepisy prawne umów zbiorowych przewidują, że wszyscy pracownicy mają otrzymać pisemne potwierdzenie warunków zatrudnienia.

W umowie powinien być wyszczególniony okres zatrudnienia oraz rodzaj umowy zbiorowej, według której określa się wynagrodzenie oraz warunki na jakich pracownik jest zatrudniony. Obowiązkiem jest sformułowanie/przygotowanie umowy o pracę po pierwszym miesiącu pracy.

Posiadanie pisemnego potwierdzenia zatrudnienia/umowy o pracę jest bardzo ważnym a często decydującym elementem stanowiącym zarówno o

poczuciu bezpieczeństwa pracownika jak i jego racjach jeśli doszłoby do jakichkolwiek

nieporozumień z pracodawcą. Pisemna umowa o pracę ma w takich sytuacjach decydujące i rozstrzygające znaczenie.

W biurze związku Eining-Iðja można uzyskać szczegółowe informacje o tym jak powinna być sporządzona umowa o pracę, a także można otrzymać gotowe kwestionariusze służące do zawierania umów o pracę.

Okres wypowiedzenia

- Prawo do wypowiedzenia dotyczy obojga stron.
- Wypowiedzenie musi być pisemne.
- Czas od którego liczony jest okres wypowiedzenia powinien przypadać na przełom miesiąca.

Przez pierwsze dwa tygodnie pracy nie obowiązuje żaden okres wypowiedzenia.

Po dwóch tygodniach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy obowiązuje 12-dniowy okres wypowiedzenia, licząc dni kalendarzowe.

Po 3 miesiącach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy – obowiązuje okres 1 miesiąca

wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Po 3 latach nieprzerwanej pracy u tego samego pracodawcy - obowiązuje 3 miesiące wypowiedzenia, licząc od przełomu miesiąca.

Uwaga, uwaga!

Proszę pamiętać, że zawsze można zwrócić się do męża zaufania w zakładzie pracy, a także bezpośrednio do naszego związku "Eining-Iðja" numer telefonu 460 3600, jeśli zaistnieje taka konieczność.

ÁTT ÞÚ TIL GAMLAR MYNDIR FYRIR OKKUR?

Nú er verið að rita sögu Einingar-Iðju. Stefnt er á að saga félagsins verði í og með atvinnusaga Eyjafjarðarsvæðisins á þessu tímabili, saga samfélagsins og að einhverju leyti saga þjóðar. Þetta er allt samtvinnað þannig að heimildirnar liggja mjög víða.

Ef einhver býr yfir myndum sem tengjast sögunni þá er sá hinn sami hvattur til að hafa samband við Þorstein á netfangið steini@ein.is

Gaman væri ef félagið fengi myndir sem ekki hafa verið prentaðar áður, t.d. gamlar tækifærismyndir sem jafnvel sýna óvart það sem á þeim er.

Veitt verður viðurkenning fyrir áhugaverðustu myndina!

EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍNI!

Eining-Iðja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni!

Skipagötu 14 Akureyri / Hafnarbraut 5 Dalvík / Eyrargötu 24b Fjallabyggð / 460 3600



42. þing ASÍ

Í lok október fór fram 42. þing Alþýðusambandsins, á 100 ára afmælisári þess. Þingið, sem bar yfirskriftina **Samstaða í 100 ár - sókn til nýrra sigra!** stóð yfir í þrjá daga og var haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Seturétt á þinginu áttu alls 292 þingfulltrúar, auk þess áttu níu fulltrúar ASÍ-UNG seturétt á þinginu. 115 þingfulltrúar komu frá félögum innan Starfsgreinasambandsins, þar af 11 frá Einingu-löðu. Félagið átti jafnframt einn fulltrúa sem sat þingið fyrir hönd ASÍ-UNG. Þess má geta að ákveðið var að hafa þingið rafrænt og er talið að við það hafi sparast um 600 kg af pappír sem annars hefði verið notaður til að dreifa.

Unnin var málefnavinna í hópum eftir svokölluðu þjóðfundafyrirkomulagi, eins og tíðkast hefur á undanförunum þingum með góðum árangri. Fyrsta daginn var rætt um nýtt samningalíkan að Norrænni fyrirmynd, á degi tvö var fókussinn settur á velferðar- og vinnumarkaðsmál. Síðasta dag þingsins var svo kosið í embætti til næstu tveggja ára, þar á meðal forseta ASÍ, varaforseta og í miðstjórn ASÍ.

Á degi tvö var þingið brotið upp með því að efnt var til pallborðsumræðna með leiðtogum þeirra sjö stjórnmalaflokka sem líklegastir voru til að ná fólki inn á þing eftir kosningarnar, sem fram fóru helgina eftir, um samhengið á milli efnahagslegs- og félagslegs stöðugleika. Þessi umræða og opnun þingsins voru sýndar í beinni útsendingu á heimasíðu ASÍ og gaf það góða raun.

Í ávarpi við þingsetninguna sagði Gylfi Ambjörnsson, forseti ASÍ „Við minntumst aldarafmælis sambandsins á sjálfan afmælisdaginn þann 12. mars, þar sem áherslan var lögð á að gera þetta með gleðilegum og skemmtilegum hætti, því það er ekki óalgengt að birtingarmynd verkalyðshreyfingarinnar og forystumanna hennar sé fólk sem er mikið niðri fyrir því verkalyðsbaráttan er okkur hjartans mál og stutt í heitar tilfinningar. Minnug þess að það er fátt sem sameinar fólk jafnvel og söngur - og sigrar okkar hafa jú ávallt byggt á samstöðunni – lá beint við að halda upp á afmæli ASÍ með tónleikum og það gerðum við samtímis á fjörum stöðum á landinu.“ Gylfa fannst einnig full ástæða til að minna á það, nú í aðdraganda alþingiskosninga, að það er jafn mikilvægt í dag og það var fyrir 100 árum að almennt launafólk eigi sinn málsvara sem ver hagsmuni þess, stendur vaktina bæði á vinnumarkaði, í



samskiptum við fyrirtækin en líka á hinum pólitíska vettvangi og í samfélagsumræðunni.

Norræna samfélagsmódelið

Gylfi fjallaði einnig um Norræna samfélagsmódelið í ávarpi sínu og sagði m.a. „Það módel varð til við svipaðar aðstæður og þær sem við glímum nú við, bæði á vinnumarkaði og í samfélaginu í heild. Þar höfðu menn um árabíl

glímt við vanda ósamstæðrar hagstjórnar og innbyrðis ágreining á vinnumarkaði, þar sem lítil innistæða var oft fyrir þeim launahækkunum sem samið var um og hurfu síðan jafn öðum með breytingum á gengi og verðlagi. Ég held að okkur sé nauðsynlegt að horfast í augu við þá staðreynd, að það er mörgu um að kenna hversu illa okkur Íslendingum hefur gengið að tryggja varanlegan stöðugleika í efnahags- og félagsmálum. Undanfarið ár höfum við aflað okkur upplýsinga, bæði með heimsóknum, skýrsluskrifum og samtölum, um afstöðu og aðstæður félaga okkar á hinum Norðurlöndunum. Ég leyfi mér að fullyrða, að þó vissulega séu ýmis vandamál sem koma upp í samskiptum á vinnumarkaði hjá frændum okkar, er það einróma afstaða þeirra að með þessu samningalíkani hafi þeim tekist að auka kaupmátt meir og bæta líf skjör betur, við skilyrði lágrar verðbólgu og lágra vaxta, en dæmi eru um í sögunni. Af þeim ástæðum vilja þeir ekki hverfa frá þessari samningaaðferð.“

Gylfi sagði að ef það á að takast að ná tökum á þessu hér á landi, verður það ekki gert nema sem samvinnuverkefni á breiðum vettvangi. „Stjórnmalin og vinnumarkaðurinn í samstarfi við Seðlabankann verða að taka höndum saman og endurskoða samskipti og hlutverkaskiptingu varðandi lykilþætti bæði efnahagsmála og félags- og velferðarmála. Það eru ótal mörg atriði sem við þurfum að huga að áður en hægt er að taka upp svona samningalíkan og ég ætla að leyfa mér hér við setningu þingsins að tæpa á nokkrum, en það er eitt atriði

Átta ályktanir

Á þinginu fór fram umsvifamikil málefnavinna í mörgum hópum þar sem notast var við svokallað þjóðfundafyrirkomulag. Fjögur megin þemu voru til umfjöllunar, nýtt kjarasamningslíkan, velferðarmál, mennta- og atvinnumál og svo vinnumarkaðs- og jafnréttismál. Á lokadegi þingsins var málefnavinnan dregin saman í ályktanir sem lagðar voru fyrir þingfulltrúa og samþykktar. Eftirfarandi ályktanir voru samþykktar á þinginu:

- Ályktun um breytt og bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga
- Ályktun um vinnumarkaðinn
- Ályktun um húsnæðismál
- Ályktun um atvinnumál
- Ályktun um heilbrigðismál
- Ályktun um menntamál
- Ályktun um jafnréttismál
- Ályktun um kjaradeilu sjómanna og vélstjóra

sem öllu máli skiptir. Þegar öllu er á botninn hvolft er TRAUST á milli aðila lykilforsenda þessa þess að hægt verði að fara þessa leið, traust á milli viðsejenda, traust og samstaða innan verkalyðshreyfingarinnar, traust á milli vinnumarkaðar og stjórnmálanna, ekki bara meirihluta heldur allra flokka og síðast en ekki síst traust á milli stjórnenda og starfsmanna fyrirtækja og stofnana til að geta fylgt þessari aðferðafræði eftir."

Í máli Gylfa kom fram að það hafi verið skýr afstaða Alþýðusambandsins að ekki væri hægt að nálgast umræðuna um nýtt og breytt samningalíkan í einhverju tómarúmi, heldur verði að setja það í samhengi við allt samfélagsmódelið. „Það er engin tilviljun að í okkar stjórnarskrá eru tvær tegundir félagasamtaka, sem njóta sérstakrar verndar, en það eru stjórnmálaflokkar og stéttarfélög. Ástæðan er einföld, innan veggja þessara félagasamtaka kraumar almannaviljinn. Að sama skapi er enginn vafi á því að Norræna samfélagsmódelið hefur bæði

Forysta ASÍ endurkjörin einróma

Engin mótframboð bárust þegar forseta- og varforsetakjör Alþýðusambandsins fór fram en forsetarnir voru endurkjörnir með dynjandi lófaklappi tæplega 300 þingfulltrúa. Gylfi Arnbjörnsson er því réttkjörinn forseti ASÍ til næstu tveggja ára, en hann hefur gegnt embættinu frá október 2008 og var því endurkjörinn forseti Alþýðusambandsins í fjórða skipti.

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, verður 1. varaforseti ASÍ næstu tvö árin og Sigurður Bessason, formaður Eflingar, 2. varaforseti. Þau hafa gegnt embættunum frá 2014.

Ekki urðu breytingar á miðstjórn Alþýðusambandsins sem kjörin var til næstu tveggja ára og situr Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju og SGS, því áfram í henni.

leitt til réttlátari skiptingu þjóðarkökunnar og meiri kaupmáttaraukningar en raunin hefur verið hér á landi. Getu litlu opnu norrænu markaðshagkerfanna til að sameina jöfnuð og hagkvæmni byggir á samspili þeirra þriggja stöða, sem saman mynda það þríeyki sem ein-kennir norræna samfélagsmódelið. Þessar stöðir eru efnahagslegur stöðugleiki sem byggir á skýrri og ábyrgri hagstjórn, félagslegur stöðug-

leiki með sterku velferðarkerfi og vel skipulagður vinnumarkaður með ábyrgt og agað samningalíkan. Saman styðja aðilar vinnumarkaðar, stjórnvöld og Seðlabankinn við markmiðið um efnahagslegan og félagslegan stöðugleika."

Ávarp Gylfa í heild má finna á vef ASÍ, www.asi.is

PACTA lögmenn – félagsmenn fá 15% afslátt

Rétt er að minna á samning sem Eining-löja er með við PACTA lögmenn, en þeir sjá um alla lögfræðipjónustu fyrir félagið.

Starfsmönnum félagsins er samkvæmt samningnum heimilt að bjóða félagsmönnum sínum að leita viðtals og ráðgjafar hjá PACTA vegna ágreinings þeirra við vinnuveitendur, innheimtu launakrafna, skaðabótamála eða annarra mála, sem starfsmenn Einingar-löju telja rétt að bjóða viðkomandi félagsmanni. Eining-löja ber kostnað af þeirri þjónustu sem unnin er fyrir félagsmanninn og ekki fæst greiddur úr hendi vinnuveitanda, þrotabús hans, ábyrgðasjóði launa eða af öðrum aðilum.

Í samningnum er einnig kveðið á um að

félagsmaður í Einingu löju, sem leitar til PACTA án þess að félagið hafi milligöngu þar um, skuli fá 15% afslátt af gildandi gjaldskrá PACTA á hverjum tíma.

Lögmennspjónusta í Fjallabyggð og á Dalvík

Pacta lögmenn leigja aðstöðu á skrifstofum félagsins í Fjallabyggð og á Dalvík. Jón Stefán Hjaltalin, hdl. mun sinna viðverunni að mestu leyti. Hann er með netfangið jonhjaltalin@pacta.is. Lögfræðingarnir verða á Siglufirði milli kl. 9 og 13 og á Dalvík á milli kl. 14 og 17. Næsta viðvera á skrifstofunum hjá þeim verður. **ATH! Þessi þjónusta er fyrir alla, ekki bara félagsmenn Einingar-löju:**

PACTA
MÁLFLUTNINGUR & RÁÐGJÖF

- 12. desember
- 12. apríl
- 17. janúar
- 16. maí
- 14. febrúar
- 13. júní
- 14. mars

Tímamantanir í síma 440 7900.
Fyrsta viðtal er frítt.

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má fá á heimasíðu PACTA.

Samningur við Iðnaðarsafnið

Í lok október var skrifað undir nýjan samning á milli Einingar-löju og Iðnaðarsafnsins á Akureyri um að félagið styrki safnið með framlagi, nú fyrir árin 2017 til 2019. Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-löju, og Þorsteinn E. Arnórsson, safnstjóri Iðnaðarsafnsins, skrifuðu undir samninginn.

Björn sagði að á safninu megi sjá grunninn af því sem félagsmennirnir hafa verið að vinna við á síðustu áratugum og því nauðsynlegt að



halda í þá sögu sem gert er með frábærum hætti á Iðnaðarsafninu.

Tilgangur samningsins er að renna styrkari stoðum undir rekstur Iðnaðarsafnsins og

gera því kleift að kynna hina merku sögu og menningu iðnaðar á Akureyri á 20. öld. Í safninu er kynnt saga 70 fyrirtækja í máli, myndum og vélum og um 50 greinar iðnaðar kynntar.

Þorsteinn sagði að þar sem Iðnaðarsafnið er sjálfseignarstofnun og þarf sífellt leita leiða til að afla fjár til rekstar kemur þessi styrkur í góðar þarfir fyrir safnið.

Nánari upplýsingar um safnið má finna á www.idnadarsafnid.is

Bruggsmiðjan Kaldi 10 ára

Árið 2006 var Bruggsmiðjan Kaldi stofnuð af þeim hjónum Agnesi Önnu Sigurðardóttur og Ólafi Presti Ólafssyni, en þann 30. september sl. fagnaði Kaldi 10 ára starfsafmæli. Í upphafi voru starfsmenn 4 en í dag eru þeir 12 og flestir félagsmenn í Einingu-löju. Tíðindamaður blaðsins kíkta í heimsókn á Árskógssand og tók Agnesi tali. Það fyrsta sem kom upp í hugan var spurningin af hverju brugghús?

„Þessi hugmynd kom til eftir að Óli slasaðist í vinnuslysi á sjónum og varð óvinnufær. Það var enga atvinnu að hafa á Árskógssandi nema í tengslum við fisk og hann var ekki með skrokkin í það. Eftir að hafa reynt í um tvö ár að finna ný verkefni þá sá ég frétt sem bara talaði til mín, en þar var verið að fjalla um auknar vinsældir svokallaðra Micro-Brugghúsa og þá kviknaði þessi hugmynd og þá sérstaklega vegna þess að föðuramma mín talaði alltaf svo mikið um hvað við ættum gott vatn. Ég hugsaði þarna er tækifæri til að gera eitthvað með vatnið okkar. Það voru engin slík brugghús hér á landi og við vissum í raun lítið um hvað við vorum að fara út í,“ segir Agnes um upphafið.

Agnes segir að opnun Kalda hafi verið ákveðin tímamót fyrir íslenska bjórmenningu og í kjölfarið hafi lítil brugghús sprottið upp víðsvegar um land. „Vinsældir Kalda hafa aukist jafnt og þétt og höfum við þurft að byggja við húsnæðið tvisvar sinnum á þessum 10 árum og erum núna að stækka verksmiðjuna um 280 fermetra vöruskemmu. Framleiðslugetan í upphafi var um 170 þúsund lítrar á ári en núna er hún komin í um 700 þúsund lítra á ári. Við erum enn að nota sömu bruggtækin sem er í lagi hvað aldurinn varðar en við þurfum stærri tæki. Bruggmeistarinn sem var með okkur í byrjun kom nýlega í heimsókn frá Tékklandi og hann sagði að við værum örugglega með heimsmet í að nýta tækin, enda er unnið allan sólarhringinn hérna.“ Agnes segir að það komi um 12 þúsund gestir á ári í björkynningar „það er oft þéttbókað hjá okkur og þá sérstaklega um helgar. Reyndar eru ferðaskrifstofurnar að koma með hópa á öllum tímum yfir sumartímann og ein kom til dæmis alltaf klukkan 9 á mánudagsmorgnum.“



Agnes Anna Sigurðardóttir.

Gott samstarf

„Það er mjög gott samstarf á milli micro-brugghúsanna í landinu og líka við Víking sem er svona nálægt okkur. Við reynum að hjálpa hvert öðru ef einhvern vantar eitthvað hvort sem um er að ræða flöskur eða eitthvað annað. Það kemur stundum fyrir að sendingum seinkar og þá er gott að geta leitað annað.“ Agnes bætir við að langstærsta bjórframleiðsla landsins fari fram í Eyjafirði. „Vík er stærsta brugghúsið og við erum svo stærsta litla brugghúsið.“

Fjöreggið

Fjöreggið er veitt fyrir lofsvert framtak á matvæla- og/eða næringarsviði og var fyrirtækið tilnefnt til Fjöreggsins í ár.



Agnes segir að þó fyrirtækið hafi ekki hlotið sjálft Fjöreggið þá hefði verið verulega gaman að fá slíka tilnefningu. „Við fengum tilnefningu fyrir brautryðjendastarf á sviði bruggunar á handverksbjór og árangursríkrar markaðssetningar. Við höfum alltaf unnið eftir þeirri hugmyndafræði að byggja fyrirtækið upp skref fyrir skref og frá upphafi hefur Kaldi haft sterka markaðsstöðu hér á landi. Maður áttar sig ekki endilega á þessu fyrr en einhver annar segir það, hvað við erum í raun búin að breyta bjórmeningunni gríðarlega mikið.“

Bjórheilsulind – heilsutengd ferðapjónusta

Í september var tekin skóflustunga að bjórböðum á Árskógssandi en fyrirtækið hyggst opna þar bjórheilsulind í



Bjórheilsulind að rísa.

apríl eða maí á næsta ári og verður það sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. „Í þessari heilsulind verður boðið upp á sjö tveggja manna bjórkör sem eru hugsuð fyrir pör eða einstaklinga. Þarna eru menn í lokuðum herbergjum alveg í næði og geta fengið sér smá bjór á meðan ef menn vilja, en það verður dæla við hvert kar. Fyrir þá sem ekki drekka þá finna menn ekkert fyrir áhrifun af því að fara í kerin. Bruggunaraðferðin okkar er að tékkneskum sið og þar eru slíkar bjórheilsulindir víða og eru mjög vinsælar, bæði meðal ferðamanna og heimamanna. Gerið í bjórnum er sagt mjög nærandi fyrir húð og hár og eru böðin því helst hugsuð til heilsubóta. Kerin eru sérsmiðuð fyrir okkur í Tékklandi og nánast öll handunnin. Eftir kerin ferðu svo inn í slökunarherbergi í 25 mínútur. Við verðum líka með úti-potta með bjórblöndu, en það er meira hugsað fyrir stærri hópa. Þarna verðum við líka með stóran veitingastað þar sem boðið verður upp á bjórtengdan mat. Ég held að við séum þau fyrstu á öllum Norðurlöndunum til að bjóða upp á svona bjórböð,“ segir Agnes að lokum.

Eining-löðja er á Facebook

Félagið er komið á Facebook. Allar fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins, www.ein.is, munu jafnframt birtast þar ásamt öðru sem tilheyrir starfinu. Þeir sem vilja fylgjast með er bent á að „Líka“ nýju síðuna.

Vinsamlegast athugið að ekki er fylgst með síðunni allan sólarhringinn, reynt er að bregðast við athugasemdum eins fljótt og hægt er. Þeir sem vilja hafa samband við félagið er bent á að hringja í 460 3600, senda póst á ein@ein.is, eða með því að senda inn fyrirspurn í gegnum heimasíðuna.

Fyrirvari vegna birtingar efnis á Facebook-síðu Einingar-löðu

Upplýsingar á síðunni eru einungis til fræðslu og upplýsinga. Það er áhugavert að fá ummæli frá félagsmönnum og öðrum sem áhuga hafa á starfseminni. Það er mikilvægt að vera varkár í skrifum sínum og hafa í huga að gagnrýna efni, en ekki einstaklinga.

Allar athugasemdir, spurningar, lof og last er birt, en aðeins ef um er að ræða efni sem tengist starfsemi félagsins og er málefnalega fram sett. Eining-löða áskilur sér rétt til að eyða því efni sem ekki fellur undir lýsingu þessa. Undir það falla niðrandi, óviðeigandi ummæli í garð einstaklinga eða hópa, og ásanir um refsiverða háttsemi, slíku verður eytt tafarlaust.

Hver sá sem skrifar ummæli eða athugasemd á Facebook-síðu félagsins gerir það á eigin ábyrgð, en séu ummælin brot á landslögum áskilur félagið sér rétt til að vísa þeim til lögreglu.



Reknir fyrir vanskil

Enn birtum við úr væntanlegri verkalyðs-sögu sem Jón Hjaltason skrifar. Að þessu sinni fengum við að hnýsast í svokallaðar rammagreinar sem verða fjölmargar í ritinu.

Dauðaslysinn á verksmiðjunum

„Enginn veit fjölda óhappa er urðu á Gefjun í árdaga“, segir í meginmáli. Ekki er víst að allir séu á einu máli um þessa staðhæfingu. Mánu- daginn 5. janúar 1931 var fundað í Jafnaðar- mannafélaginu á Akureyri. Alls mættu um 80 manns til fundarins. Þar tók meðal annarra Adolf Pedersen til máls og gerði að umfjöllunar- efni slysinn á Gefjun. Þau eru orðin sjö, sagði Adolf. Þar af þrjú banaslys. Svo segir verk- smiðjustjórnin að við þessu sé ekkert að gera „þar sem hinir lögskipuðu eftirlitsmenn hefðu ekkert haft við útbúnaðinn að athuga.“

Aðalbjörn Pétursson fór næstur í ræðustól. Kratar eru máttlausir „í þjóðfélagi borgaranna“, var skoðun hans. Meintar lagabætur þeirra verða engum að gagni. Aðeins samtök verka- manna geta tuktað auðvaldið til. Sjáði hvernig þetta er í Rússlandi, „þar sem allar reimar og öll tannhjól“, já í sem fæstum orðum, allt sem ein- hver hætta stendur af er varið með einum eða öðrum hætti.

Ög athugið, hélt Aðalbjörn áfram, að í Rúss- landi vinna þeir sem ganga í hættuleg störf aðeins sex tíma á dag og fá að auki fimm mín- útna hvíld á klukkustundarfresti. Aðeins sam- takamáttur einhuga öreigalyðs getur áorkað öðru eins og það er ekki fyrr en Gefjunarfólkið hefur lært þessa lexíu að það getur vonast til að fá einhverja breytingu á sínum kjörum. Að öðrum kosti munu aðstæður þess haldast óbreyttar um ókomna framtíð, sagði Aðalbjörn að lokum.

Ög þarna stendur hnífurinn í kúnni, benti félagi Ólafur Aðalsteinsson á. Verkafólkið á Gleráreyrum vill ekki gera neinar kröfur. Það er því óhjákvæmilegt „að taka fram fyrir hendurn- ar á fólkinu eins og öðrum skepnum, sem væru í hættu“, var niðurstaða Ólafs.

Pöntunarfélag verkalyðsins

Þótt Erlingur Friðjónsson yrði viðskila við Verkamannafélag Akureyrar hafði hann eftir sem áður undirtökin í Kaupfélagi Verkamanna Akureyrar. Ekki verður séð að nein alvarleg til- raun hafi verið gerð til að velta honum af for- stjórastólnum. Þó vekur athygli að í desember

1934 sá stjórn Kaupfélagsins ástæðu til að reka fjóra einstaklinga úr Kaupfélaginu og voru þrír þeirra „mjög háttsettir meðal kommúnista hér á staðnum“, upplýsti Alþýðumaðurinn og bætti við að allir hefðu þeir verið reknir „fyrir vanskil“.¹

Enn lengdist syndaregistur Erlings þegar hann neitaði að auglýsa í Verkamanninum og voru verkamenn hvattir til að sniðganga Kaup- félagið.

Augljóslega varð ekki við þetta unað. And- svar Verkamannafélagsins var stofnun Pönt- unarfélags verkalyðsins hinn 8. júní 1934. Eldheitur verkalyðssinni, Björn Grímsson, fædd- ur í Héðinsfirði 1891, var ráðinn til að veita félaginu forstöðu. Björn hafði gengið í Versl- unarskólann í Reykjavík, rekið eigin verslun, verið innanbúðarmaður hjá Ottó Tulinius, tekið þátt í Krossanesdeilunni og saltað síld á Odd- eyrartanga. Hann hafði líka kennt í forföllum við Barnaskólann og þá gerðist það eitt sinn í kristniðfræðitíma að stúlka kvaddi sér hljóðs og sagði: „Ég er kommúnisti eins og þú, Björn.“



Íhaldsmenn bæjarins tóku að visu ekki undir með stúlkubarninu en þeir vissu líkt og barnið að Björn var bolsi inn að beini og kappsfullur. Þeir önduðu því ögn léttara þegar fréttist að nú myndi Björn fá ærinn starfa. „Það er gott, að helv. hann Björn er kominn inn í Pöntunarfélagið, hann hægir þá kannske á agitasjóninni útávið“, var haft eftir einum þeirra.

Björn fékk þó ekki strax viðnám krafta sinna og fjörs. Eitthvað fór á skjön með pappíra og því mátti félagið ekki opna verslun fyrr en árið eftir. Björn pantaði þó strax vörur sem hann hafði í Verklýðshúsinu. Þær urðu stundum í vegi fund- armanna og var þá viðkvæðið: „Fleggið þessu drasli hans Björns upp á loft, svo það sé ekki fyrir.“

Fimmtudaginn 18. júlí 1935 breyttist þetta þegar Pöntunarfélag verkalyðsins opnaði sölu- búð „í hornbúðinni við Ráðhústorg og Strand- götu“, eins og það var orðað í auglýsingu.² Ekki skal leitt neinum líkum að því við hvaða hús er átt en næstu árin átti Pöntunarfélagið eftir að skipta um bústað nokkrum sinnum. Það var um skeið í París (Hafnarstræti 96), vorið 1940 opn- aði félagið verslun sína í Hafnarstræti 87 – hús- eign Jóns Guðmann sem hann seldi KEA árið eftir – og sumarið 1942 fluttist félagið í Brekku- götu 1. Þar með var lokið búferlaflutning-

¹ „Pöntunarfélag kommúnista“, *Alþýðumaðurinn* 27. febrúar 1934, 2.

² *Verkamaðurinn* 16. júlí 1935, 3.



um Pöntunarfélags verkalyðsins. Pöntunarfélagið átti þó eftir að versla víðar. Sumarið 1946 opn- aði á þess vegum útibú í Eiðsvallagötu 18 en húsið var síðar kennt við trésmiðinn Lárus Björnsson sem byggði það og gaf Alþýðu- bandalaginu löngu síðar. Það er hins vegar af Pöntunarfélaginu að segja að það lognaðist út af seinni part árs 1951. Engin hávaði eða umræða fylgdi þeim endalokum.

Orlofsheimilið að Illugastöðum

Alþýðusamband Norðurlands (ASN) keypti Illugastaði á 300.000 krónur. Reisa átti tíu orlofsbústaði á jörðinni. Samið var við nýlega stofnað fyrirtæki á Dalvík, Tréverk hf., um smíð- ina og átti hvert hús að kosta tæpar 400.00

krónur, „fullbúið, með raflögn, hitunartækjum, eldunar- og hreinlætistækjum.“³ Þorvaldur Kristmundsson arkitekt teiknaði húsin og húsgögn. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen lagði á ráðin um byggingarsvæðið, Jón Rögnvaldsson skipulagði lóðina og Hreinn Óskarsson, múrarmeistari á Akureyri, hafði eftirlit með framkvæmdum fyrir hönd ASN.

Sveinn Jónsson í Kálfsskinni var einn eigenda Tréverks. Hann minnst þessa tíma á Illugastöðum: „Verkefnið var skemmtilegt. Ég var verkstjóri fyrir austan við allan undirbúning með grunna, vegagerð og vatnstanka og allt sem þurfti að gera. Þarna var ónumið land. Húsin sjálf voru svo smíðuð í flekum á verkstæðinu á Dalvík og flutt austur.“

Hinn 6. júlí 1968 tók skáldið og rithöfundurinn, Rósberg G. Snædal, sem hafði verið ráðinn umsjónarmaður Orlofsheimilisins, á móti fyrstu gestunum en þeir seinustu kvöddu 14. september.

Í húsunum tíu voru að meðaltali rúmlega 50 manns í viku hverri, að sögn Rósbergs.

En það er kúnt að slappa af. Það vissi Rósberg. Það eina sem gildir, kenndi hann gestum, er „að vera nógu latur, hætta að hlaupa og láta sér liggja á.“ Því miður tókst ekki öllum að fara að þessum ráðum. „Það gerir líka óvaninn“, útskýrði Rósberg. „Verkafólk, erfiðismenn, eru ekki vanir orlofsheimilum eins og þessum.“

Samt var það „sem í Paradís að búa á Illugastöðum“, sögðu margir eftir sumarið og ótalin voru berin sem orlofsgestir höfðu tínt í frábæru berjalandi Orlofsheimilanna. Ekki síst þótti þeim kostur að þurfa ekkert að taka með

sér „nema efni í mat“, því fyrir öðru var séð á staðnum, eins og prentarinn Kristján Árnason benti á.

Keypt í Ráðhúsinu á Dalvík

Vissulega var langur aðdragandi að byggingu Alþýðuhússins við Skipagötu. Því verður ekki á móti mælt. Í 35 ár eða svo var málið þæft fram og til baka og að minnsta kosti tvívegis voru gerðar frumteikningar að húsi verkalyðsins. Halldór Halldórsson arkitekt gerði þá fyrri árið 1951 og starfsbróðir hans, Sigvaldi Thordarson, þá síðari áratug síðar.⁴ Engu að síður var margt og mikið aðhafst í húsnæðismálum verkalyðsfélaganna á þessum áratugum. Eins og margt er minnst á þá var Alþýðuhúsið við Gránu-félagsgötu keypt, á Illugastöðum varð mikil uppbygging orlofshúsabyggðar og þegar fram í sótti tók Eining að kaupa bústaði víðar um landið – í ársbyrjun 1979 keypti félagið orlofs-hús við Vatnsfjörð á Barðaströnd.

Húsnæðismál voru líka hugleikin smærri félögum. Verkalýðsfélag Hríseyjar var búið að festa kaup á kjallaraplássi í húsi Jóhanns Árnaonar þegar viðræður um sameiningu félagsins og Verkalýðsfélagsins Einingar hófust. Þessu húsnæði vildi félagið halda þótt það yrði deild í Einingu.⁵ Á Dalvík settu menn það skilyrði fyrir sameiningu að 20% af félagsgjöldum til deildarinnar rynnu í húsbýggingarsjóð og á Ólafsfirði var skilyrðið að opnuð yrði skrifstofa.

Þegar svo stjórnslumiðstöð fyrir Dalvíkinga tók að rísa þótti mörgum sjálfsgefið að Eining ætti þar athvarf. Stjórn félagsins vildi kaupa

skrifstofuaðstöðu í húsinu. Tillagan vakti harðar deilur. Tekist var á um hugmyndina á almenn-um félagsfundi sumarið 1977.

Fráleitt að henda stórfé í byggingu á Dalvík á meðan félagið er á hrakhólum hér á Akureyri, var álit Valdímars Halldórssonar. Fleiri lýstu sömu skoðun.

Guðgeir Guðmundsson sló á aðra strengi: Það er engin þörf fyrir félagsheimili, hvorki hér eða á Dalvík. Vinnudagurinn er svo langur að enginn hefur „tíma til að sinna félagsmálum.“

Þorsteinn Jónatansson vildi kaupa. Í bili er ekkert að gerast í húsbýggingarmálum félagsins á Akureyri, sagði hann. Á meðan étur verðbólgan upp sjóði félagsins og svo má ekki gleyma því að Dalvíkingar greiða sín félagsgjöld. Þeir eiga því ekki minni rétt til húsnæðis en Akureyringar, var skoðun Þorsteins.

Enginn velktist í vafa um afstöðu Jóns formanns. Hann hafði oft víðræð áhyggjur sínar af fjármunum félagsins sem geymdir væru á bankareikningi og hversu miklu betra væri í samfélagi þar sem verðbólga ríði húsum að umbreyta krónum í steypu. Min skoðun er sú að félagið hefur „jafnan verið um of íhaldssamt“ þegar húsakaup hafa verið íhuguð, sagði Jón. Okkur hafa boðist ýmsar húseignir hér á Akureyri en við höfum látið þær ganga okkur úr greipum. Og þótt félagið sé í sárri þörf fyrir nýtt húsnæði hér á Akureyri þá má það ekki koma niður á húsnæðismálum deildanna, var skoðun Jóns, sem skoraði á félaga sína að samþykkja tillögu stjórnarinnar um kaupin á Dalvík.

Og Jón hafði sitt fram. Kaupin voru samþykkt með 18 atkvæðum gegn 7.

³ Hskj. Ak., kassi 47, *Þingtíðindi*, 10. þing ASN 1967, 39.

⁴ Jón Helgason: Vígsluræða 26. júlí 1985, handrit.

⁵ Hskj. Ak., kassi 14, Verkalýðsfélag Hríseyjar 22. apríl 1965, 19. febrúar 1967.

Stofnanasamningur við Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Í lok október var skrifað undir nýjan stofnanasamning við Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN). Þetta er fyrsti stofnanasamningur sem gengið er frá við stofnunina sem varð til með sameiningu nokkurra heilbrigðisstofnana á Norðurlandi þann 1. október 2014.

Stéttarfélögin Aldan, Eining-löja, Framsýn og Samstaða voru áður hvert og eitt með samning við þær stofnanir sem urðu að HSN og því var nú í fyrsta sinn sem félögin gengu saman til samninga við HSN. Samningarnir voru áður mjög mismunandi en nú eru félögin komin með einn og sama samninginn eins og stefnt var að.

HSN er með starfsstöðvar á Akureyri, Blönduósi, Dalvík, Fjallabyggð, Húsavík og Sauðárkróki.

Samninginn má sjá á heimasíðu félagsins, www.ein.is



Fulltrúar stéttarfélaganna og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands að undirskrift lokinni.



Jólakrossgátan



Gerður er skýr greinarmunur á grönnum og breiðum sérhljóðum. Höfundur krossgátunnar er Bragi V. Bergmann.

Lausn 1-32:	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
Staðreynd!					>			>		>			
				Komp- asar		Stjórna- stakka- aði	Snæða	Malm- bráður Reyfi		Mennta- gráða	Hús- dýr	Snáfa Gyðja	14
				→	3			→		↓			15
				Talpur Gjald- miðill			4			>			16
				Helsta						Binda niður		5	17
				Kona						Pófi			18
				2			Blómi Persónu- fornafni						19
				Angan		>		Dæld			18		19
				Svall- ara				Maður					20
BB	↓	Maður Erfidán	Tón- smíði	Matur ágrilli				14	Fugla- hljóð Kulínu				20
Stór- hátíð			22	Þrá Húsdýri Lofteg.			9		>	10	Hávaði	>	21
Berg- mála Óhljóð			>		7		Örnefni Öreind						22
Gerir við							Ílötíð	15					23
Kopar							Bókstaf						24
13				Drullaði			21		Vendi			Söng- lagið	24
		>		Nóttin					Hest				25
Klukkan 15:00				Til Vonda Tón	17		Ljótá Sunná Bryddingur	11			25		25
Persónu- fornafni	↓	1					Lítil- lækki Þrælur	27			Vatna- gröðu Rétt	12	26
Sýtla Samt	6								Er sögð	24	Sífelld	28	27
									Tangi		okkur		28
Mann		29			Vælt				31	Mölva		26	28
					Tala					Garg			29
Flokkar Pófi			19				EKKI marga Ambátt	>			Vitrún		29
Fag	↓										Athugið!	>	30
				Heiðra Tónn				Um- stang EKKI	16			Veisla	30
				Subbu- legt			32				Hætta!	30	31
Leik- félag	↘	20					23	→					32

Kjara- og viðhorfskönnun

Nýlega lét félagið, í samstarfi við AFL starfsgreinafélag, Gallup framkvæma könnun um ýmis atriði sem snerta kjör og aðstæður félagsmanna Einingar-löðu og AFLs starfsgreinafélags.

Um er að ræða sambærilega könnun og gerð var fyrir félögin sl. fimm ár. Þátttaka í könnuninni var rúm 50% sem er þó nokkuð betri svörun en í fyrra. Von er á niðurstöðum síðar í desember, en úrvinnsla hennar stóð enn yfir þegar blaðið fór í prentun. Þegar niðurstöður ársins í ár liggja fyrir verður fróðlegt að bera þær saman við niðurstöður síðustu ára og sjá hvort miklar breytingar hafa átt sér stað.

Könnunin fór þannig fram að 3.000 félagsmenn voru valdir handahófskennt úr félagskrám þessara tveggja félaga, 1.500 frá hvoru félagi. Það er áriðandi að fá sem nákvæmastar niðurstöður þegar slík könnun er framkvæmd, helst að fá alla til að svara, svo hægt sé að nýta niðurstöðurnar í þágu þekkingar og til hagsbóta fyrir félagsmenn. Þeirra upplýsingar skipta miklu máli!

Vinningsnúmer

Könnunin var líka happdrættismiði því allir sem tóku þátt gátu unnið veglega vinninga. Í bréfinu sem þátttakendur fengu var lukkunúmer. Búið er að draga og voru nöfn eftirfarandi félagsmanna dregin út.

1. vinningur, kr. 100.000, *Rakel Anfinnsdóttir Heinesen* (Eining-löðu)
2. vinningur, kr. 50.000, *Ingunn Jónsdóttir* (AFL)
3. – 6. vinningur, vikudvöl í orlofsíbúðum félaganna á árinu 2017, *Sigurður Helgason* (AFL), *Þorvaldur Hreinsson* (Eining-löðu), *Kári Sigmar Gunnlaugsson* (AFL) og *Jóna Sigurgeirsdóttir* (Eining-löðu)

Í ár lentu einnig 10 þátttakendur strax í happdrættispotti. Hinir heppnu vinningshafar fengu tilkynningu um það um leið og þeir höfðu lokið við að svara könnuninni, um er að ræða kr. 10.000 inneign á debetkorti sem þeir nálguðust á skrifstofu félagsins á Akureyri.

Eining-löðu óskar vinningshöfum til hamingju.



Fundir með trúnaðarmönnum

Félagið er þessa dagana að halda fundi með trúnaðarmönnum um aðstæður þeirra á vinnustað og bakland þeirra hjá félaginu.

Á hvern fund mæta 8 til 12 trúnaðarmenn úr öllum deildum og mismunandi atvinnugreinum í þeim tilgangi að fá víðari sýn á starfið. Þeir svara spurningakönnun áður en þeim er skipt í hópa þar sem þeir ræða um trúnaðarmannastarfið. Í lok fundar hafa skapast góðar umræður og þakkar félagið trúnaðarmönnum kærlega fyrir þátttökuna. Öflugur trúnaðarmaður skiptir sköpum fyrir félagið.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Trúnaðarmenn Einingar-löðu eru mikilvægir hlekkir í starfi félagsins. Samkvæmt samningum á að vera trúnaðarmaður á öllum vinnustöðum sem hafa 5 eða fleiri félagsmenn. Þar sem starfa fleiri en 50 eiga að vera 2 trúnaðarmenn. Ef það er ekki trúnaðarmaður á þínum vinnustað hafðu þú samband við Einingu-löðu og við setjum upp vinnustaðafund til að kjósa trúnaðarmann.

Við kosningu öðlast trúnaðarmaður um leið

sérstaka lagalega vernd í starfi sínu, fær umboð félagsins til að fara með mál annarra og verður fulltrúi þess á vinnustaðnum. Meginhlutverk trúnaðarmanna er að gæta þess að lög og samningar séu haldnir á vinnustaðnum og vera tengiliður starfsmanna við stéttarfélagið.

Öflug trúnaðarmannafræðsla er mikilvæg fyrir trúnaðarmenn, stéttarfélagið og atvinnurekendur. Það reynir oft á trúnaðarmenn í starfi og þess vegna hefur félagið ávallt kappkostað að bjóða þeim uppá fyrsta flokks fræðslu.

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja þessi námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálfsgöðu að sækja námskeiðin í samráði við sinn yfirmann.

Félagið hvetur trúnaðarmenn til að fylgjast vel með þegar námskeið eru haldin og vera dugleg að mæta á þau. Hægt er að skrá sig á trúnaðarmannanámskeið með því að senda póst á ein@ein.is eða hringja í 460 3600.

Hvað þarf trúnaðarmaður að hafa til að bera?

Góður trúnaðarmaður þarf fyrst og fremst að hafa áhuga á velliðan og starfsöryggi félaga sinna. Hann þarf að vera vakandi fyrir vinnuumhverfinu og eiga auðvelt með mannleg samskipti, hafa ríka réttlætiskenn, eiga auðvelt með samstarf og vera óhræddur við að axla ábyrgð.

Þeir sem sinnt hafa trúnaðarstörfum fyrir stéttarfélög þekkja það að sú reynsla nýtist þeim ekki síður vel í daglegu lífi jafnt sem starfi. Þekking á málefnum starfsmanna, leikni í mannlegum samskiptum og reynsla af samstarfi við lausn verkefna er mjög verðmæt.

Trúnaðarmaður er bundinn þagnarskyldu gagnvart félagsmönnum.



Jólaþrossgátan

Skrifið lausnina á blað, (reitur 1 til 32, staðreynd) og merkið blaðið með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is, en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja.

Skilafrestur er til kl. 16 mánudaginn 9. janúar 2017. Dregið verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löja
- verðlaunakrossgáta
Skipagötu 14
600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

Gjafabréf í HOF menningarhúsi á Akureyri
að verðmæti kr. 20.000,-

Gjafabréf frá Strikinu
að verðmæti kr. 10.000,-

Ekki segja upp í veikindum

– Ekki láta þrýsta þér út í réttindamissi –

Það eru nokkur dæmi um að félagsmenn hafi komið á skrifstofur Einingar-löju eftir að hafa sagt upp störfum í veikindum. Það getur þýtt mikla réttindaskerðingu hjá viðkomandi. Dæmi eru um að fólk sem hefur verið veikt í nokkurn tíma hefur verið kallað til yfirmanna og þrýst á það að segja upp störfum. Eining-löja beinir því til félagsmanna sinna að láta alls ekki undan slíkum þrýstingi heldur hafa strax samband við félagið.

Það hefur þrengt að ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á síðustu árum og yfirmenn því oft í erfiðri stöðu með reksturinn. Þó er óáfsakanlegt í slíkum tilvikum að hafa réttindi af launafólki með því að þrýsta á þá sem lenda í lengri veikindum að segja upp störfum. Það er engin lausn og getur í mörgum tilvikum aukið á vanda þessa fólks frekar en hitt.

Þess vegna er svo mikilvægt að fá ráðgjöf hjá Einingu-löju áður en skrifað er upp á starfslok.

Verðlaunagættun

Hvað heitir skrifstofustjóri félagsins?
(Svarið má finna á www.ein.is)

- | | |
|------------------------------|-------------------------|
| 1. Elsa Sigmundsdóttir | 4. Sigrún Lárusdóttir |
| 2. Aðalbjörg G. Hauksdóttir | 5. Björn Snæbjörnsson |
| 3. Ásgrímur Örn Hallgrímsson | 6. Margrét Einarsdóttir |

Skrifið lausnina á blað og merkið það með nafni, heimilisfangi, póstnúmeri og símanúmeri. Einnig má senda svarið í tölvupósti á ein@ein.is en gæta skal þess að láta fyrrgreindar upplýsingar fylgja. **Skilafrestur er til kl. 16, mánudaginn 9. jan. 2017.** Dregið

verður úr réttum lausnum og verður strax haft samband við vinningshafana.

Utanáskriftin er:

Eining-löja
- verðlaunagættun -
Skipagötu 14
600 Akureyri

Glæsilegir vinningar eru í boði:

Gjafabréf frá Strikinu
að verðmæti
kr. 10.000,-

Gjafabréf í HOF menningarhúsi á Akureyri að verðmæti
kr. 10.000,-

STRIKIÐ

RESTAURANT & BAR

Heimilispakkinn

Ómissandi um jólin

Í Sjónvarpi Símans Premium færðu jólamyndirnar auk 6.000 klukkustunda af frábæru sjónvarpsefni



Sjónvarp Símans Premium



Sjónvarp Símans Appið



Sjónvarpsþjónusta Símans



11 erlendar sjónvarpsstöðvar



Endalaus heimasími



Netið 250 GB



Spotify Premium

Heimilispakkinn

13.000 kr./mán.

Línugjald ekki innifalið. Verð frá 2.600 kr./mán.

Pantaðu Heimilispakkann
í síma 800 7000
eða opnaðu Netspjall á siminn.is



Baðaðu þig í gæðunum

Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

